



VINNUMÁLA  
STOFNUN

ÁRSSKÝRSLA  
VINNUMÁLASTOFNUNAR

2025

# Í þessari ársskýrslu

<b>Ávarp forstjóra</b> .....	<b>3</b>	<b>Ráðgjafarsvið</b> .....	<b>25</b>	<b>Þróunar- og tæknisvið</b> .....	<b>36</b>
<b>Hlutverk okkar</b> .....	<b>5</b>	Almenn ráðgjöf .....	25	Verkefnastofa .....	36
<b>Mannauður</b> .....	<b>6</b>	Verklag almennrar ráðgjafar .....	25	Gæðamál .....	36
Fræðsla og starfspróun .....	7	Millistarfa.is .....	25	Upplýsingatæknideild .....	36
<b>Stefnumið VMST</b> .....	<b>8</b>	IPS - Atvinnuráðgjöf fyrir ungt fólk .....	25	Greiningardeild .....	37
Mannauðsstefna .....	8	Ráðgjöf og vinnumiðlun fyrir fólk með skerta starfsgetu .....	25	Erlent samstarf .....	37
Jafnréttisstefna .....	8	Endurgreiðslusamningar .....	26	<b>Fjármál 2025</b> .....	<b>38</b>
Loflagsstefna .....	8	Breytingar á örorkulífeyriskerfinu .....	26	Vinnumálastofnun .....	38
Jafnlaunastefna .....	8	Virknistyrkur .....	26	Atvinnuleysistryggingasjóður .....	40
Eineltisstefna .....	8	Unndís .....	26	Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga .....	41
Upplýsinga- og kynningarstefna .....	8	Samhæfingarteymi .....	26	Ábyrgðarsjóður launa .....	41
Öryggisstefna .....	8	<b>Fjölmenningsvið</b> .....	<b>27</b>	Fæðingarorlofssjóður .....	41
Starfspróunar- og fræðslustefna .....	8	Umsækjendur um alþjóðlega vernd .....	27	Sorgarleyfi .....	42
Þjónustustefna .....	8	Fjölmenningsardeild .....	28	Starfsendurhæfing .....	42
Jafnréttisstefna; Jafnréttisáætlun .....	8	Flóttamannadeild .....	29	Vinnumál .....	42
Heilsa, vellíðan og viðvera .....	8	<b>Réttindasvið</b> .....	<b>30</b>	Umsækjendur um alþjóðlega vernd .....	43
Fjarvinnustefna .....	8	Atvinnuleyfi .....	30	Greiðslur vegna 15. greinar laga númer 40/1991 um samræmda móttöku flóttafólks .....	43
<b>Annáll 2025</b> .....	<b>9</b>	Umsóknir um atvinnuleyfi .....	30	<b>Stjórnarhættir</b> .....	<b>44</b>
<b>Vinnumarkaðurinn árið 2025</b> .....	<b>15</b>	Vettvangseftirlit .....	30	Skipurit Vinnumálastofnunar árið 2025 .....	45
<b>Þjónustusvið</b> .....	<b>21</b>	Eftirlit .....	30		
Fyrirtækjaráðgjöf – Ráðningarþjónusta .....	21	Greiðslustofa .....	31		
Ráðningarstyrkir .....	21	Ábyrgðarsjóður launa .....	31		
Nýsköpunarstyrkur .....	21	Flugfélagið Play .....	31		
Frumkvæði .....	22	Fæðingarorlofssjóður .....	34		
Eures .....	22				
Evrópuverkefni .....	23				

## Myndir í skýrslu:

Guðrún Hrönn Jónsdóttir, starfsfólk Vinnumálastofnunar, Colin Cooke (Wikipedia), mannaudsfolk.is (frá Mannauðsdegi), Shutterstock og Unsplash.

# Ávarp forstjóra

Árið 2025 var bæði viðburðarríkt og skemmtilegt í starfsemi Vinnumálastofnunar. Á það bæði við um hefðbundin verkefni sem og þau nýju og spennandi verkefni sem stofnuninni voru falin á árinu. Jafnframt stóð félagslíf starfsmanna með miklum blóma árið 2025 og margt bæði fræðandi og skemmtilegt sem starfsfólk tók sér fyrir hendur.

## Fastir liðir í starfseminni

Eins og endranær var rekstur Atvinnuleysistryggingasjóðs, Fæðingarorlofssjóðs og Ábyrgðasjóðs launa stór þáttur í starfseminni. Umsýsla með sjóðunum felst meðal annars í því að þróa og bæta ferla í takt við öra tækniþróun sem einkennir okkar tíma. Ábyrgðasjóður launa var í forgrunni þetta ár og var unnið að smíði nýs tölvukerfis sem nær til allrar starfsemi sjóðsins svo sem móttaka umsókna, útreikningar og afgreiðslur krafna. Með nýju kerfi eru tekin mikil framfaraskref í starfsemi sjóðsins og mun það gera alla umsýslu sjóðsins skilvirkari og öruggari. Nýja kerfið hefur fengið nafnið Björg sem er vel við hæfi.

Unnið var að bættri þjónustu á sviði vinnumiðlunar og ráðgjafar og má í því sambandi nefna að hafin var vinna við endurskoðun á skimunarlistum fyrir atvinnuleitendur. Veittir voru styrkir til atvinnumála kvenna og veitt lán úr lánatryggingasjóðnum Svanna. Atvinnuleyfi til útlendinga sem koma utan EES svæðisins voru afgreidd og stofnunin annaðist þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd. Þar var mikil fækkun umsækjenda á síðastliðnu ári sem hefur leitt til þess að unnt hefur verið að hagræða verulega í þeim málaflokki.

## Ný verkefni og áherslur ársins í starfseminni

Vinnumálastofnun hóf útgáfu skýrslu um stöðu og horfur á vinnu- markaði, skýrslan kemur út á sex mánaða fresti og er liður í að bæta upplýsingagjöf stofnunarinnar um ástand og stöðu vinnu- markaðarins og á hverjum tíma.

Þann 1. september tóku gildi ný lög um örorkumat þar sem Vinnu- málastofnun var falið að aðstoða einstaklinga sem metnir eru með hlutaörorku í atvinnuleit og að greiða þeim virknistyrk á meðan á atvinnuleitinni stendur. Með lögunum eru innleiddar gríðarlega miklar breytingar á örorku- og endurhæfingalífeyriskerfinu þar sem sjónum er beint að styrkleikum einstaklinga en ekki veikleikum. Áhersla var lögð á að styrkja deildina sem annast þjónustu við einstaklinga með skerta starfsgetu. Liður í því var útgáfa nýrrar reglugerðar um vinnu- markaðsúrræði til að liðka fyrir auknum úrræðum til þessara einstaklinga. Verkefnið fékk nafnið Unndís sem vísar til verkefnis Sameinuðu þjóðanna á þessu sviði og hefur heitið UNDIS.

Þessar lagabreytingar hafa kallað á aukið samstarf á milli aðila sem vinna að þessum málum, þannig hefur samstarfið við Virk aukist til muna með miklum og góðum árangri. Jafnframt hefur samstarf Vinnumálastofnunar, Tryggingastofnunar og heilsugæslunnar orðið meira og betra.

Það liggur í augum uppi að það tekur tíma að innleiða breytingar sem þessar og starfsfólk stofnunarinnar er enn að læra, bæta og laga til verkferla og úrræði fyrir þennan hóp atvinnuleitenda.

Á liðnu ári beindi Vinnumálastofnun áherslum sínum í auknum mæli til innflytjenda á Íslandi. Er þar bæði litið til bættrar samfélagsfræðslu auk aðstoðar í atvinnuleit. Þetta verkefni er eitt af meginmarkmiðum stofnunarinnar á yfirstandandi ári og er unnið markvisst að því.

Í maí tók Vinnumálastofnun þátt í „Bench learning“ sjálfsmati sem unnið er á vegum PES, sem eru samtök opinberra vinnumiðlana á ESB og EES svæðinu. Þetta var í fjórða sinn sem stofnunin tók þátt í matinu sem fer þannig fram að teymi fagaðila frá öðrum vinnu- miðlunum koma til landsins, taka út ákveðna starfsþætti og taka viðtöl við starfsfólk. Stofnunin fær að lokum einkunnir fyrir alla matsþættina. Þessi vinna er gríðarlega gagnleg og hefur orðið til þess að farið hefur verið í mörg umbótaverkefni sem byggjast á niðurstöðum úttektaraðila. Hér sannast hið fornkvæða að glögg er gestsaugað.



Unnur Sverrisdóttir, forstjóri Vinnumálastofnunar

Að lokum má nefna fall Play sem varð á árinu 2025. Því fylgdu aukin verkefni, aðallega hjá Atvinnuleysistryggingasjóði og Ábyrgðasjóði launa.

## Skemmtanir, fræðsla og gaman

Eins og ávallt var nóg um að vera hjá Vinnumálastofnun þegar kom að fræðslu og skemmtun starfsfólks.

Í janúar kom hópur frá Færeyjum í fræðslu- og skemmtiferð til stofnunarinnar og var það bæði skemmtun og heiður að taka á móti þeim og kynna þeim starfsemina.

Í júní fór hópur starfsmanna til Stokkhólms og tók þátt í atvinnuleysistryggingamóti en svo nefnast norrænar ráðstefnur sem haldnar eru á tveggja ára fresti þar sem Norðurlöndin bera saman bækur sínar um allt sem lýtur að atvinnuleysistryggingum og úrræðum fyrir atvinnuleitendur. Þessi mót eru afar gagnleg og margt hægt að læra af nágrannaþjóðum okkar.

Starfsfólk í deild atvinnu með stuðningi sótti ráðstefnu um einhverfu í Dublin í september og framlínuráðgjafar sóttu ráðstefnu sem bar yfirskriftina „Future of work“ í London í nóvember.

Vinnumálastofnun tók að venju þátt í Lífshlaupinu og Bleika deginum. Aðrir fastir liðir voru starfsdagar stofnunarinnar og þátttaka í Mannauðsdeginum og svona mætti áfram telja.

Það sem bar þó hæst í félagslífi síðastliðins árs var fræðslu- og árshátíðarferð Vinnumálastofnunar til Króatíu í apríl. Var það samdóma álit að fræðslan hefði bæði verið afar gagnleg og skemmtileg og árshátíðin tókst með eindæmum vel undir styrkri og skemmtilegri stjórn Sóla Hólms.

Ég vil að lokum nýta þetta tækifæri og þakka starfsfólki Vinnumálastofnunar fyrir ósérhlífni, samheldni og framúrskarandi vinnu á liðnu ári. Allt sem við fáum áorkað er ykkur að þakka!




# Hlutverk okkar

Vinnumálastofnun heyrir undir félags- og húsnæðismálaráðuneytið og fer með yfirstjórn opinberrar vinnumiðlunar hér á landi, veitir ráðgjöf og upplýsingar í tengslum við málefni innflytjenda, umsýslu Atvinnuleysistryggingarsjóðs, Ábyrgðasjóðs launa, Fæðingarorlofssjóðs og fjölmörg önnur innflytjenda- og vinnumarkaðstengd verkefni

**Starfsemi Vinnumálastofnunar er skipt í fjögur megin svið:**  
Réttindasvið, Þjónustusvið, Ráðgjafarsvið og Fjölmenningsvið

**Þvert á megin svið eru svo tvö stoðsvið:**  
Fjármála- og rekstrarsvið og Þróunar- og tæknisvið



# Mannauður

Markmið mannauðssviðs er að laða að, efla og halda hæfu starfsfólki sem tryggir að Vinnumála- stofnun ná markmiðum sínum. Lögð er áhersla á jákvætt, öruggt og faglegt starfsumhverfi sem styður við vellíðan starfsmanna og gerir stofnunina að eftirsóknarverðum vinnustað.




## Starfsfólk og fjölbreytileiki



Á árinu voru stöðugildi **195,2** og starfsmenn alls **221**

Meðalaldur starfsfólks var **43,9 ár** og meðalstarfsaldur **8,4 ár**, sem endurspeglar bæði reynslu og stöðugleika innan stofnunarinnar.



Starfsfólk Vinnumálastofnunar kemur frá **14 löndum**, sem styrkir alþjóðlega sýn og menningarlega fjölbreytni í starfi stofnunarinnar.

### Þjóðernin eru:

Ísland · Pólland · Úkraína · Litháen · Venesúela · Bandaríkin · Bosnía og Hersegóvína  
Tékkland · Þýskaland · Ítalía · Jemen · Marokkó · Rúmenía · Spánn

Fjölbreyttur bakgrunnur starfsfólks er mikilvægur styrkur í þjónustu við fjölbreyttan hóp viðskiptavina og samstarfsaðila.



## Fræðsla og starfsþróun

Markviss fræðsla og starfsþróun er lykilþáttur í mannauðsstefnu Vinnumálastofnunar. Á árinu var boðið upp á fjölbreytta fræðslu sem studdi bæði við faglega hæfni og persónulega þróun starfsfólks.

### Fræðsluferð til Króatíu

Starfsmenn fóru í fræðsluferð til Króatíu og heimsóttu króatísku vinnumálastofnunina (HZZ: Hrvatski zavod za zaposlavanje). Þar fengu þátttakendur innsýn í:

- Skipulag og starfsemi stofnunarinnar
- Stuðning við atvinnuleitendur og vinnumarkað
- Fullorðinsfræðslu og starfsþjálfun
- Vinnumarkaðsaðgerðir og EURES-samstarf
- Fyrirkomulag atvinnuleysisbóta og samræmingu tryggingakerfa milli Evrópulanda

Fræðsluerindin veittu starfsfólki innsýn í þjónustu HZZ við atvinnuleitendur og hvernig þau eru hvött til atvinnuþátttöku með fjölbreyttum úrræðum.

### Erasmus+ vinnustofur

Í gegnum Erasmus+ tók starfsfólk þátt í þremur vinnustofum sem beindust að:

- Gervigreind – þróun og áhrif nýrrar tækni.
- Andlegri heilsu og vellíðan – streitustjórnun, tilfinningagreind og eineltisvarnir.
- The 4Cs (sköpun, gagnrýnin hugsun, samskipti og samvinna) – hagnýtar aðferðir til að mæta áskorunum samtímans.

### EKKO-fræðsla

Eineltisteymi og mannauðsdeild kynntu EKKO-fræðslu frá Auðnast vinnuvernd þar sem lögð var áhersla á að skapa sameiginlegan skilning á hugtökum, verkferlum og viðbrögðum við eineltismálum.



### Sálræn fyrsta hjálp

Í tilefni af Gulum september stóð Mannauðsdeild fyrir örfræðslu frá Mental ráðgjöf um samskipti og viðbrögð í viðkvæmum aðstæðum með það að markmiði að efla öryggi í starfi og styðjandi vinnustaðarmenningu.

### Alþjóðlegur dagur eineltis

- Haldið var fræðsluerindi frá Auðnast vinnuvernd um áhorfendaáhrif og hvernig starfsmenn geta brugðist við þegar þau verða vitni að óæskilegri hegðun. Lögð var áhersla á forvarnir og hvernig efla mætti virka þátttöku allra í jákvæðri vinnustaðarmenningu.
- Tekin voru saman nokkur námskeið á Learncove sem snúa að fræðslu um EKKO, jákvæð samskipti og vinnustaðarmenningu og auglýst fyrir starfsfólk.

### Tækni og aðgengi

Í lok árs hófst samstarf við Sundra, gervigreindarlausn sem sjálfvirkni-væðir textun, þýðingar og samantektir fyrir íslenskt myndefni.

Upptökur af fundum og fræðsluerindum á íslensku hafa verið textaðar og þýddar yfir á ensku. Með því er stuðlað að auknu aðgengi og betri þátttöku erlendra samstarfsfélaga og starfsfólks sem er að tileinka sér íslensku.

### Velferð og sjálfbærni

Vinnumálastofnun leggur áherslu á heilsueflingu og sjálfbærar samgöngur. Starfsmenn geta sótt um skattfrjálstan samgöngustyrk að upphæð 6.000 kr. á mánuði gegn því að nýta vist- og heilsuvænan ferðamáta í að minnsta kosti 60% ferða til og frá vinnu.

Á árinu nýttu 53 starfsmenn sér styrkinn.

Mental

Sundra

# Stefnumið VMST

## Mannauðsstefna

Markmið okkar er að fá til starfa, efla og viðhalda mannaúði sem nauðsynlegur er til að stofnunin nái að uppfylla tilgang sinn og markmið. Við viljum skapa jákvætt starfsumhverfi og styðja við starfsfólk. Við viljum skapa eftirsóknarverðan vinnustað sem laðar að sér hæft og metnaðarfullt starfsfólk.

## Jafnréttisstefna

Vinnumálastofnun vinnur að því að skapa öllu starfsfólki forsendur til að nýta og rækta styrkleika sína í þágu þjónustuþega. Mikilvægur liður í því er að útiloka mismunum á grundvelli kyns, aldurs, fötlunar, kynhneigðar, kynþáttar, stjórnmálaskoðana, trúar eða þjóðernis.

## Loftlagsstefna

Stefna Vinnumálastofnunar í loftslagsmálum fjallar um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda samkvæmt leiðbeiningum verkefnisins Græn skref um loftslagsstefnu ríkisaðila. Stefnan tekur til úrgangs, samganga, innkaupa og orkunotkunar Vinnumálastofnunar og skal aðgengi að mælanlegum upplýsingum vera tryggt.

## Jafnlaunastefna

Starfsfólk skal njóta jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf þannig að enginn ómálefnalegur launamunur sé til staðar innan stofnunarinnar.

## Eineltisstefna

Einelti og kynferðisleg áreitni verður undir engum kringumstæðum umborin á vinnustöðum stofnunarinnar. Meðvirkni starfsfólks í tengslum við einelti er jafnframt ekki liðin. Starfsfólk skal sýna samstarfsfólki sínu kurteisi og virðingu í samskiptum.

Unnið er eftir viðbragðsáætlun í eineltismálum.

## Upplýsinga- og kynningarstefna

Vinnumálastofnun leggur áherslu á aðgengi að upplýsingum um verkefni og málefni þau sem stofnunin fer með hverju sinni og kynnir starfsemi sína með markvissum og sýnilegum hætti til viðskiptavina og almennings, auk starfsfólks og stjórnar.

Áhersla er lögð á að byggja upp góða ímynd og traust.

## Öryggisstefna

Öryggisstefna Vinnumálastofnunar nær yfir starfsemina í heild sinni og er starfsfólki og samstarfsaðilum öllum skylt að lúta þeirri stefnu. Vinnumálastofnun rekur eigið upplýsingakerfi og er fyllsta trúnaðar gætt við meðhöndlun upplýsinga.

## Starfsþróunar- og fræðslustefna

Vinnumálastofnun leggur áherslu á að starfsmönnum sé gert kleift að viðhalda og efla þekkingu sína og færni í starfi. Til fræðslu getur talist öll þjálfun, nám eða ný þekking sem nýtist til eflingar svo sem nýliðafræðsla, jafningjafræðsla, námskeið, ráðstefnur, þátttaka í vinnuhópum, nýjum verkefnum eða aukin ábyrgð í starfi.

## Þjónustustefna

Grunngildi Vinnumálastofnunar eru: Fyrirmyndarþjónusta, virðing og áreiðanleiki. Við veitum þeim sem til okkar leita skilvirka og áreiðanlega þjónustu. Við berum virðingu fyrir þeim sem til okkar leita og samstarfsfólki okkar. Þjónustustefna Vinnumálastofnunar nær yfir alla þjónustu sem stofnunin veitir.

## Jafnréttisstefna; Jafnréttisáætlun

VMST leggur áherslu á jafnrétti kynjanna og að nýta til jafns styrkleika kvenna, karla og einstaklinga með hlutlausu skráningu kyns þannig að hæfileikar og færni alls mannaúðs stofnunarinnar njóti sín sem best.

Stefna VMST er að vera vinnustaður þar sem hver einstaklingur er metinn að verðleikum eftir hæfni og frammistöðu.

## Heilsa, vellíðan og viðvera

Vinnumálastofnun leggur sig fram um að skapa traust og öruggt vinnuumhverfi og stuðla að því að vinnuástaða henti í þau verkefni sem starfið krefst hverju sinni. Lögð er áhersla á að aðbúnaður og hollustuhættir á vinnustaðnum verði eins og best verður á kosið.

## Fjarvinnustefna

Vinnumálastofnun vill bjóða starfsfólki sínu upp á fjölbreytt starfsumhverfi og sveigjanleika til að auðvelda samræmingu vinnu og einkalífs. Auk tímasparnaðar og aukins sveigjanleika dregur aukin fjarvinna úr kolefnisfótspori vegna ferða til og frá vinnu og hefur þannig jákvæð samfélagsleg áhrif.

**Stefnumið Vinnumálastofnunar í heild sinni**



# Annáll 2025

## JANÚAR

Skráð atvinnuleysi: 4,2% | Ein tilkynning um hópuppsögn

### 13. janúar

Vefur Vinnumálastofnunar flutti yfir á [island.is](http://island.is)

Skoða vefinn



### 28. – 30. janúar

#### Heimsókn frá Færeyjum

Starfshópur Vinnumálastofnunar í Færeyjum Arbeidsloysissskipanin kom í heimsókn til að kynna sér fjölbreytta starfsemi Vinnumálastofnunar. Þá var haldinn vinnustofa með hópnum þar sem farið var yfir verklag í fyrirtækjaráðgjöf og ýmis önnur úrræði.



## FEBRÚAR

Skráð atvinnuleysi 4,3% | Þrjár tilkynningar um hópuppsögnir

### 5. febrúar


#### Útgáfa skýrslu um vinnumarkaðinn á árinu 2024.

Í skýrslunni var farið yfir helstu þætti innlends vinnumarkaðar og rýnt í þróun milli landssvæða og hópa á vinnumarkaði eftir aldri, kyni og uppruna. Einnig var spáð fyrir um þróun atvinnuleysis árið 2025.

#### Vinnumarkaðurinn á árinu 2024

### 5. – 25. febrúar

Vinnumálastofnun tók þátt í Lífshlaupinu.



## MARS

Skráð atvinnuleysi: 4,2% | Tvær tilkynningar um hópuppsögnir

## APRÍL

Skráð atvinnuleysi: 3,9%

### 8. – 10. apríl

#### Benchlearning úttekt hjá Vinnumálastofnun.

Verkefnið sneri að samræmdu gæðamati opinberra vinnumiðlana í Evrópu. Gæðaúttekt er gerð á þriggja ára fresti og í framhaldinu er gerð áætlun um úrbætur.



### 24. – 26. apríl

#### Fræðslu- og árshátíðarferð til Króatíu

Starfsfólk Vinnumálastofnunar hélt til Split í Króatíu í fræðslu- og árshátíðarferð. Hópurinn heimsótti króatísku vinnumálastofnunina HZZ og fékk fræðslu um þjónustu við atvinnuleitendur, fullorðins-fræðslu, vinnumarkaðsaðgerðir og EURES.

Þá tók hópurinn þátt í þremur vinnustofum hjá Erasmus+ þar sem boðið var upp á fræðslu um gervigreind, andlega heilsu og vellíðan og the 4CS - hagnýtar aðgerðir til að takast á við áskoranir í nútímasamfélagi.



Frá árshátíð starfsfólks í Króatíu



Frá úthlutun styrkja vegna atvinnumála

## MAÍ

Skráð atvinnuleysi 3,7% | Þrjár tilkynningar um hópuppsagnir

### 16. maí


#### Úthlutun styrkja til atvinnumála kvenna

Inga Sæland, félags- og húsnæðismálaráðherra úthlutaði styrkjum til atvinnumála kvenna og fengu 19 verkefni styrki samtals að fjárhæð 38.000.000.

#### Hæstu styrki hlutu fjögur verkefni:

- Hvað nú?
- Heyband
- Þróun sjálfvirkar gagnaöflunar og gervigreindarlausna fyrir vistbók.
- Vörubrúun og og framleiðsla á fatnaði sem hentar hreyfihömluðum.

#### Skoda styrki til atvinnumála kvenna



### 20. maí

Nýr samfélagsmiðill – VIVA Engage var kynntur fyrir starfsmönnum og Workplace lokaði.

### 20. – 22. maí

ECG (EURES Coordination Group) fundur. Fundur verkefnisstjóra EURES frá 31 landi.

### 22. maí

Starfsfólk á vegum Vinnumálastofnunar tók þátt í Norræna atvinnuleysistryggingamótinu sem fram fór í Stokkhólmi dagana 22. - 23. maí. Yfirskrift ráðstefnunnar var: „Norrænn vinnumarkaður í breytingum. Samlegðaráhrif milli atvinnuleysistrygginga, hreyfanleika, netöryggis og gervigreindar“. Sverrir Brynjar Berndsen flutti erindi um nýtt örorkulífeyrisskerfi og virknistyrk.



Norræna atvinnuleysistryggingamótið

### 23. maí

Þátttakendur í samstarfsverkefninu New Beginnings héldu vinnufund á Íslandi.



New beginnings

### 28. maí

Ársfundur Vinnumálastofnunar var haldinn í húsakynnum stofnunarinnar. Yfirskrift fundarins var: Þjónusta og ráðgjöf fyrir atvinnuleitendur.

# JÚNÍ

Skráð atvinnuleysi: 3,4% | Ein tilkynning um hópuppsögn

## 6. júní

### Breytingar á lögum um sorgarleyfi

Alþingi samþykkti breytingar á lögum um sorgarleyfi. Frá og með 1. janúar 2026 getur foreldri sem missir maka og á barn yngra en 18 ára átt rétt til sorgarleyfis eða sorgarstyrks í allt að 24 mánuði frá því að atburður á sér stað.

### Nánar um lögin



# JÚLÍ

Skráð atvinnuleysi: 3,4% | Tvær tilkynningar um hópuppsagnir

## 1. júlí

Alþingi samþykkti tvö ný frumvörp til breytinga á lögum um fæðingar- og foreldraorlof.

### Nánar um lögin

## 2. júlí


Inga Sæland félags- og húsnæðismálaráðherra undirritaði tvær reglugerðir um hækkanir á lágmarksgreiðslum í fæðingarorlofi og sorgarleyfi. Breytingarnar eiga við um alla foreldra sem eiga ónýttan rétt innan fæðingarorlofskerfisins frá 1. júlí 2025 óháð því hvenær börn fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur.

### Nánar um reglugerðirnar

## 23. júlí

Ársskýrsla Fæðingarorlofssjóðs vegna nýtingu réttinda fyrir árið 2024 kom út.

### Skóða skýrsluna



# ÁGÚST

Skráð atvinnuleysi: 3,4% | Þrjár tilkynningar um hópuppsagnir

## 20. ágúst

Vinnumálastofnun gaf út skýrslu um vinnumarkaðinn á fyrri helmingi árs.

Í skýrslunni „Vinnumarkaðurinn á fyrri hluta árs 2025“ var farið yfir helstu þætti innlends vinnumarkaðar og rýnt í þróun milli landssvæða og hópa á vinnumarkaði eftir aldri, kyni og uppruna. Einnig var spáð fyrir um þróun atvinnuleysis á seinni hluta árs 2025.

### Skóða skýrsluna

## 27. ágúst

Ársskýrsla Vinnumálastofnunar fyrir árið 2024 kom út.

### Skóða ársskýrsluna



# SEPTEMBER

Skráð atvinnuleysi: 3,5% | Fimm tilkynningar um hópuþpagnir

## 1. september

Nýtt örorku- og endurhæfingarkerfi tók gildi.

Ný reglugerð um vinnumarkaðsúrræði var undirrituð.

Reglugerðin felur í sér umtalsverðar breytingar sem hefur áhrif á úrræði Vinnumálastofnunar. Með reglugerðinni fær stofnunin, í fyrsta sinn, efnisreglur um gerð vinnusamninga öryrkja.

Birta – virknistyrkur og hlutaörorka tók gildi.

Með virknistyrk eiga þau sem eru á hlutaörorkulífeyri rétt á virknistyrk frá Vinnumálastofnun í allt að 24 mánuði á meðan einstaklingur er í virkri atvinnuleit með aðstoð frá Vinnumálastofnun.

## 11. – 13. september

AMS til Dublin.

Starfsfólk Vinnumálastofnunar í AMS sóttu alþjóðlega ráðstefnu um einhverfu í Dublin dagana 11. – 13. september.

## 24. – 25. september

Vinnumálastofnun hélt starfsdaga.

Farið var yfir áherslur vetrarins, framtíðarstefnu Vinnumálastofnunar og starfsáætlun. Vinnustofur voru haldnar um starfsánægju og Birtu.

## 29. september

Flugfélagið Play úrskurðað gjaldþrota.

Vinnumálastofnun hélt upplýsingafund með félagsmönnum flugfreyjufélags Play og þeim kynnt réttindi sín hjá Atvinnuleysis-tryggingasjóði og Ábyrgðasjóði launa. Sérstakir kynningarfundir voru skipulagðir fyrir fyrrum starfsfólks Play.



AMS til Dublin



Frá starfsdögum



Frá starfsdögum



Frá starfsdögum

# OKTÓBER

Skráð atvinnuleysi. 3,9% | Ein tilkynning um hópuppsögn

## 2. október

### Vinnumálastofnun opnaði nýjan vef, Unndís.is

Vefurinn er upplýsingavefur fyrir atvinnurekendur sem hafa áhuga á að ráða einstaklinga með skerta starfsgetu í hlutastörf. Á vefnum eru allar helstu upplýsingar fyrir atvinnurekendur um ferlið.

Unndís aðstoðar vinnustaði við að taka með opnum örmum á móti fólki með mismikla starfsgetu og skapa vinnustaði þar sem allir geta notið sín. [unndis.is](http://unndis.is)




## 3. október

Vinnumálastofnun tók þátt í mannauðsdeginum þar sem verkefni stofnunarinnar voru kynnt.

## 8. október



Frá mannauðsdeginum



Vinnumálastofnun opnaði nýjan vef sem kallast „Milli starfa“. Markmið nýs vefs er meðal annars að veita upplýsingar um allt sem viðkemur atvinnuleitinni, ráðgjöf, þjónustu við flóttafólk og sértæka ráðgjöf í boði hjá Vinnumálastofnun.

[millstarfa.is](http://millstarfa.is)

## 22. október

### Vinnumálastofnun hélt upp á bleika daginn.



Bleiki dagurinn



Unnur Sverrisdóttir, forstjóri Vinnumálastofnunar, Inga Sæland ráðherra og Vigdís Jónsdóttir, forstjóri Virk

## 22. október

### VIRK og Vinnumálastofnun þéttu raðirnar til að aðstoða fólk við að fá vinnu.

Inga Sæland, félags- og húsnæðismálaráðherra, setti af stað verkefni sem gengur út á að aðstoða langtímaatvinnulausa við að fá vinnu og styðja við nýtt örorku- og endurhæfingarkerfi. Markmiðið er að grípa fyrir hóp þeirra sem lengi hafa verið án atvinnu og aðstoða nýjan hóp hlutaörorkulífeyrisþega við að fá vinnu.

Verkefnið felur í sér þéttari samvinnu Vinnumálastofnunar og VIRK-Starfsendurhæfingarsjóðs.

### Frétt Stjórnarráðsins

## 23. október

### Ný innri upplýsingasiða Vinnumálastofnunar fór í loftið.

Tilgangur síðunnar er að bæta upplýsingaflæði innan stofnunarinnar, tryggja að nauðsynlegar upplýsingar berist til alls starfsfólks og búa til síðu sem tengir saman ólíkar sérsíður innan stofnunarinnar svo sem mannauðssíðu, þjónustusíðu og Viskubrunninn.



Reykjanesbær

## NÓVEMBER

Skráð atvinnuleysi: 4,3% | Tvær tilkynningar um hópuppsagnir

### 10. nóvember

#### Markvissar aðgerðir vegna aukins atvinnuleysis á Suðurnesjum.

Skráð atvinnuleysi á Suðurnesjum var 7,1%. Þessi þróun gaf tilefni til markvissra aðgerða af hálfu Vinnumálastofnunar, í samræmi við lög um atvinnuleysistryggingar og um vinnumarkaðsaðgerðir.

### 18. nóvember

#### Greiðsla desemberuppbótar til atvinnuleitenda.

Félags- og húsnæðismálaráðherra hefur samþykkt reglugerð um greiðslu desemberuppbótar 2025 til atvinnuleitenda. Stefnt var að því að greiða desemberuppbót eigi síðar en 15. desember 2025.

### 18. – 20. nóvember

EGC (EURES Coordination Group) fundur verkefnisstjóra EURES frá 31 landi haldinn í Bratislava.

### 25. nóvember

#### Future of work í London

Framlínuráðgjafar Vinnumálastofnunar sóttu ráðstefnu í London Future of work. Á ráðstefnunni var meðal annars farið yfir hugmyndir, stefnumótun og lausnir fyrir framtíðarvinnumarkað.



Future of Work í London

## DESEMBER

Skráð atvinnuleysi 4,4% | Tvær tilkynningar um hópuppsagnir

### 18. desember

#### Alþingi samþykkir breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof og sorgarleyfi.

Breytingarnar fela í sér að frá og með 1. janúar 2026 hækka hámarksgreiðslur í 900.000 kr. til allra foreldra í fæðingarorlofi eða sorgarleyfi sem eiga rétt á slíkum greiðslum frá þeim tíma.



# Vinnumarkaðurinn árið 2025


**3,9%** atvinnuleysi að meðaltali á árinu

Atvinnuleysi karla var 4,1% að meðaltali yfir árið en hjá konum var það 3,6%


**8.085** manns voru að meðaltali á skrá á mánuði

Að meðaltali voru 8.085 á skrá á mánuði, 4.730 karlar og 3.355 konur


Hlutfall atvinnuleysis á Íslandi frá árinu 2016 til 2025 (%)



Mánaðarlegt atvinnuleysi 2024-2025 (%)



Atvinnuleysi eftir ríkisfangi árið 2025




# Hópuppsagnir á árinu 2025

Alls var tilkynnt um **25 hópuppsagnir** árið 2025 þar sem **756 einstaklingum** var sagt upp vinnu


Flestir misstu vinnu í iðnaðarstörfum og ferðapjónustu eða **172 manns** í hvorri grein og voru um **46%** af öllum hópuppsögnum í þessum tveimur greinum.

Í flutningapjónustu misstu **165** vinnuna, **102** í greinum tengdum fiskveiðum og **34** í landbúnaði.


## Hópuppsagnir árið 2025




## Menntun allra á atvinnuleysiskrá (%) árið 2025 eftir kyni




## Menntun allra á atvinnuleysiskrá (%) árið 2025 eftir kyni



## Menntun allra á atvinnuleysiskrá (%) árið 2025 eftir uppruna



## Menntun allra á atvinnuleysiskrá (%) árið 2025 eftir uppruna






## Meðalatvinnuleysi á Íslandi var

# 3,9%

árið 2025



Mest var atvinnuleysi á Suðurnesjum

# 7,0%


Minnst var atvinnuleysi á Norðurlandi vestra

# 1,3%

Ekki var greinanlegur munur á atvinnuleysi milli kynja


Hlutfall atvinnuleysis (%) eftir svæðum árin 2025 og 2024

● 2024 ● 2025



Hlutfall atvinnuleysis (%) eftir svæðum og kyni árið 2025

● Karlar ● Konur




# Tímalengd atvinnuleysis árið 2025\*


0-6 mánuðir	6-12 mánuðir	+12 mánuðir
<b>59%</b>	<b>22%</b>	<b>19%</b>

\*að meðaltali

Tímalengd (%) atvinnuleysis árið 2025



Langtímaatvinnuleysi árin 2024 - 2025




# Umsóknir um atvinnuleysisbætur

Árið 2025 bárust  
Vinnumálastofnun


# 17.071

umsóknir um atvinnuleysisbætur

Umsóknir um atvinnuleysisbætur árin 2019-2025



Umsóknir um atvinnuleysisbætur eftir landsvæðum árið 2025



# Þjónusta

Vinnumálastofnun svaraði

## 79.794


símtölum árið 2025 og voru flest þeirra hjá þjónustuborði eða 46.164 símtöl

Askur snjallmenni tók við

## 39.349


fyrirspurnum árið 2025 og af þeim voru 10.854 sendar áfram til ráðgjafa

Fjöldi símtala til Vinnumálastofnunar árið 2025



Fyrirspurnir til Asks snjallmennis árið 2025

Askur samtöl Samtöl framsend til ráðgjafa



# Þjónustusvið

Vinnumálastofnun starfrækir átta þjónustuskrifstofur á Reykjanesi, í Reykjavík, á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra, Austurlandi og á Suðurlandi. Vinnumálastofnun veitir víðtæka þjónustu til atvinnuleitenda og atvinnurekenda. Sérstök framlínuráðgjöf er veitt til atvinnuleitenda sem hafa verið skemur en 12 mánuði á atvinnuleysisbótum. Atvinnurekendur geta auglýst laus störf hjá fyrirtækjaráðgjöf og í gegnum EURES evrópska vinnumiðlun. Á sviðinu starfa jafnframt sérfræðingar sem sinna verkefnum á borð við ráðningar- og nýsköpunarstyrki, Frumkvæði, Atvinnumál kvenna, Svanna lánatryggingasjóð og taka þátt í Evrópuverkefnum þeim sem Vinnumálastofnun er aðili að.

## Fyrirtækjaráðgjöf – Ráðningarþjónusta

Þjónustuskrifstofur Vinnumálastofnunnar starfrækja öfluga fyrirtækjaráðgjöf á landsvísu þar sem atvinnurekendur geta auglýst eftir starfsfólki á vef Vinnumálastofnunnar Auglýsingar ná til breiðs hóps og áhersla er lögð á að veita persónulega þjónustu sem sniðin er að þörfum hvers og eins.

## Ráðningarstyrkir


Vinnumálastofnun sér um opinbera vinnumiðlun, metur hæfni atvinnuleitenda og skipuleggur úrræði sem eru til þess fallin að auka vinnufærni atvinnuleitenda samkvæmt lögum um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 55/2006. Meginmarkmið laganna er annars vegar að veita einstaklingum víðeigandi aðstoð til að verða virkir þátttakendur á vinnumarkaði og hins vegar að stuðla að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar vinnuafls í landinu. Markmið vinnumarkaðsaðgerða er að sporna við atvinnuleysi, auðvelda fólki í atvinnuleit að halda virkni sinni, stuðla að tengslum við atvinnulífið og skapa leiðir til að bæta atvinnumöguleika. Á þjónustusviði starfa sérfræðingar á landsvísu sem eru atvinnurekendum innan handar varðandi vinnumarkaðsaðgerðir.

Markmið ráðningarstyrkja er að aðstoða atvinnurekendur við að fjölga atvinnutækifærum fyrir einstaklinga á atvinnuleysissskrá. Atvinnurekandi getur fengið ráðningarstyrk í allt að sex mánuði greiddan með nýjum starfskrafti. 484 einstaklingar voru ráðin til starfa með ráðningarstyrk árið 2025.


## Nýsköpunarstyrkur

Nýsköpunarstyrkur nýtist atvinnurekendum í nýsköpun til að bæta við sig starfsfólki af atvinnuleysissskrá. Verkefnið er samstarfsverkefni Vinnumálastofnunnar og menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytis. Atvinnurekandi getur fengið nýsköpunarstyrk í allt að sex mánuði greiddan með nýjum starfskrafti með möguleika á framlengingu um aðra sex mánuði. 8 einstaklingar voru ráðin með nýsköpunarstyrk árið 2025.

Fjöldi ráðningastyrkja eftir þjónustuskrifstofum



Ráðningastyrkir og nýsköpunarstyrkir veittir árið 2025



## Frumkvæði

Frumkvæði er úrræði ætlað einstaklingum í atvinnuleit sem hafa áhuga á að skapa eigið starf og hefja rekstur. Þátttakendur fá fræðslu og faglega leiðsögn við að þróa hugmyndir sínar, kanna markaðsþörf fyrir vörur eða þjónustu og vinna ítarlega viðskiptaáætlun. Með þessu móti er raunhæfi verkefna metið og þau skref sem nauðsynleg eru til að koma eigin starfi á fót.

Fyrirtækjasmíðjan fer fram í 12 lotum yfir 10 vikna tímabil og fer þjálfunin fram á Teams. Í smíðjunni er lögð sérstök áhersla á jafningjafraðslu og uppbyggilegt samstarf hópsins.

Á árinu 2025 voru haldnar þrjár fyrirtækjasmíðjur; ein á íslensku, ein á ensku og ein blönduð þar sem bæði Íslendingar og einstaklingar af erlendum uppruna tóku þátt. Vegna ákvörðunar stjórnvalda um að hætta framboði úrræðisins var ekki boðið upp á fleiri smíðjur á árinu.

Samtals tóku 41 einstaklingur þátt árið 2025, þar af 12 Íslendingar og 29 einstaklingar af erlendum uppruna frá 15 löndum. Fjöldi þátttakenda hefur þegar stofnað eigin fyrirtæki og skapað sér atvinnu. Sumir úr þessum hópi eru enn að byggja upp reksturinn samhliða hlutastarfi eða hlutabótum, en nokkrir hafa þegar farið í fullt starf í eigin rekstri.



## Eures

EURES (European Employment Services) er samstarfsvettvangur opinberra vinnumiðlana milli ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu og er starfrækt í 31 landi í Evrópu.

Markmið EURES er að stuðla að auknum hreyfanleika vinnuafis á milli landa á EES svæðinu og bregðast við staðbundnum sveiflum á vinnumarkaði.

EURES gegnir mikilvægu hlutverki innan þjónustusviðs í þjónustu við atvinnulíf. Atvinnurekendur geta með skilvirkum hætti skráð auglýsingu hjá Vinnumálastofnun sem birtist einnig á vefgátt EURES: [www.eures.europa.eu](http://www.eures.europa.eu) og er þar aðgengileg atvinnuleitendum á öllu EES svæðinu. Aðstoð er veitt við að útbúa atvinnuauklýsingar fyrir vefgáttina.

Umsóknir sem berast vegna EURES starfa eru sendar til atvinnurekenda sem hafa svo samband við umsækjendur. Vefgátt EURES veitir víðtækar upplýsingar um lífs- og starfsskilyrði í Evrópu og er boðið bæði upp á netspjall við EURES ráðgjafa og möguleika á að fletta upp ráðgjöfum allra EURES landa og hafa samband með tölvupósti. Viðburðadagatal EURES veitir upplýsingar um spennandi kynningar og stafrænar starfamessur í Evrópu sem standa atvinnuleitendum og atvinnurekendum til boða.

Megináherslur EURES á árinu fólust í upplýsingagjöf og þjónustu við atvinnurekendur og atvinnuleitendur. Verkefnisstjóri EURES tók þátt í árlegum samráðsfundum vettvangsins, skipulagði og stóð fyrir þjálfun starfsfólks þjónustuskristofa sem hafa umsjón með EURES þjónustu við atvinnurekendur. Mikilvægt samstarf fór einnig fram í Evrópuverkefninu MAAS sem EURES tók þátt í.



# Evrópuverkefni

## MAAS – Match, Attach and Sustain

Á árinu 2025 hófst annað starfsár MAAS-verkefnisins. Áhersla var einkum lögð á markviss samskipti og samvinnu við ferðþjónustuaðila og fræðsluaðila sem bjóða nám tengt ferðþjónustu. Í lok ársins var haldið vel heppnað og árangursríkt stefnumót hagsmunaaðila í ferðþjónustu, fulltrúa Vinnumálastofnunar og þeirra sem sinna rannsóknum og námsframboði á sviðinu. Niðurstaðan var að þar hefði skapast mikilvægt samtal sem æskilegt væri að endurtaka árlega til að efla þessa lykilstöð íslensks efnahagslífs.



MAAS-hópurinn hélt einnig árangursríkan vinnufund í Varsjá í Póllandi vorið 2025. Þar var unnið að megin afurðum verkefnisins:

- fræðsluvefsíðunni eGuide, sem er ætluð vinnumiðlurum, ferðþjónustuaðilum og flóttafólki
- eTracker-verkfærinu sem styður evrópskar vinnumiðlanir við innleiðingu hugmyndafræðinnar Match, Attach and Sustain.

Nánari upplýsingar og afurðir verkefnisins má nálgast hér:

**eGuide:** <https://www.maas-project.eu/eguide/>

**eTracker:** <https://www.maas-project.eu/the-ettracking-tool-and-portfolio-builder/>

**Vefur verkefnisins:** <https://www.maas-project.eu/>



## New Beginnings

### Evrópuverkefni um atvinnusköpun og valdeflingu innflytjenda

New Beginnings er Erasmus+ samstarfsverkefni sem miðar að því að efla sjálfstraust, atvinnuhæfni og frumkvöðlahugsun innflytjenda. Verkefnið hófst þann 1. febrúar 2024 og lýkur 1. febrúar 2026.



Verkefninu er stýrt af Vinnumálastofnun og er unnið í samstarfi við APAEM – Vinnumálastofnunina í Madrid, Rinova á Spáni, Inova Aspire í Hollandi og Elan Intercultural í Frakklandi.

Verkefnið byggir á því að nýta hæfni, reynslu og félags- og menningarauð innflytjenda til valdeflingar og þróunar eigin viðskiptahugmynda, auk inngildingar í nýju landi. Verkefnið hvetur til tengslamyndunar og samfélagslegrar þátttöku og stuðlar þannig að bættri félagslegri stöðu og lífsgæðum þátttakenda.

Innflytjendur standa oft frammi fyrir fjölmörgum hindrunum, svo sem flókinni stjórnsýslu, tungumála- og menningarlegum áskorunum, fordómum, takmörkuðum aðgangi að fjármagni og tengslaneti. Þá reynist oft erfitt að nýta menntun og starfsreynslu frá heimalandi í nýju umhverfi. Með því að veita ráðgjöf og þjálfun sem byggir á jákvæðri sálfræði og styrkleikamiðaðri nálgun er markmiðið að efla seiglu, sjálfstraust og trú þátttakenda á eigin getu.

#### Verkefnið er þríþætt:

- Námskeið fyrir leiðbeinendur/ráðgjafa sem vinna annarsveggar með innflytjendum
- Námskeið og fræðsla fyrir innflytjendur
- Námsvefur


Mikill áhugi var á námskeiðum og voru þrjú námskeið haldin í byrjun síðasta árs fyrir ráðgjafa og eitt námskeið fyrir innflytjendur á haustmánuðum. Á námskeiðunum er á áhugaverðan hátt fjallað um það hvernig einstaklingar geta nýtt styrkleika sína og reynslu til að þróa eigið persónulegt vörkumerki í nýju landi.

Námsvefur verkefnisins er í gegnum LearnDash-kerfið en þar er að finna fjóra námsþætti með sjálfsnámi, myndböndum, verkefnavinnu og prófum: [www.newbe.is](http://www.newbe.is)


Verkefnið sýnir fram á mikilvægi þess að virkja menningarauð og styrkleika innflytjenda og skapa raunveruleg tækifæri til atvinnu og samfélagsþátttöku – tækifæri sem nýtast ekki aðeins einstaklingunum sjálfum heldur einnig samfélaginu í heild.

### Auglýst störf hjá Vinnumálastofnun - fjöldi stöðugilda

● 2024  
● 2025




### Auglýst störf hjá Vinnumálastofnun - helstu atvinnugreinar




### Auglýst EURES störf - fjöldi stöðugilda

● 2024  
● 2025



### Auglýst EURES störf - helstu atvinnugreinar





# Ráðgjafarsvið

## Almenn ráðgjöf


Fjölbreyttur hópur atvinnuleitenda nýtti sér ráðgjafajónustu Vinnumálastofnunar árið 2025. Sérstaklega var hugað að mismunandi þörfum einstaklinga og jafnt aðgengi tryggt að virkni- og stuðningsúrræðum við hæfi á landsvísu.

Markviss stuðningur við atvinnuleit byggist á raunhæfu og faglegu mati á stöðu einstaklinga. Lögð er áhersla á skýra upplýsingagjöf um náms- og starfsval og boðið er upp á áhugasviðsgreiningu, aðstoð við ferilskrárgerð og leiðbeiningar um atvinnuviðtöl. Ráðgjöfin er stigskipt og er þörfin metin út frá aldri, lengd á atvinnuleysissskrá og niðurstöðu skimunarlista sem atvinnuleitendur svara.

## Verklag almennrar ráðgjafar

Fyrstu 12 mánuði á atvinnuleysissskrá fá atvinnuleitendur grunnþjónustu nema þeir óski eftir öðru eða vísbendingar um meiri þjónustuþörf séu til staðar. Grunnþjónusta felst í upplýsingafundum, viðtölum við framlínuráðgjafa og skráningum á námskeið sé þess óskað.

Þegar atvinnuleitandi hefur verið á atvinnuleysissskrá í 12 mánuði telst hann langtímaatvinnulaus. Þá fær hann aukinn einstaklingsmiðaðan stuðning og eftirfylgd ráðgjafa í samræmi við þjónustuþörf.



## Millistarfa.is

### Nýr vefur fyrir atvinnuleitendur

Vefsíðunni [Millistarfa.is](https://millistarfa.is) var hleypt af stokkunum á árinu 2025. Um er að ræða upplýsingasíðu fyrir fólk í atvinnuleit en þar er hægt að finna ýmis hagnýt ráð um ferilskrá, kynningarbréf og undirbúning fyrir atvinnuviðtöl.

Á vefnum er einnig er fjallað um víðtæka þjónustu sem Vinnumálastofnun býður upp á, bæði fyrir atvinnuleitendur á atvinnuleysisbótum en einnig sértæka þjónustu eins og ráðgjöf og vinnumiðlun fyrir fólk með skerta starfsgetu, IPS atvinnuráðgjöf fyrir ungt fólk og þjónusta við flóttafólk í atvinnuleit.

## IPS - Atvinnuráðgjöf fyrir ungt fólk

IPS (Individual Placement and Support) er einstaklingsmiðað úrræði hjá Vinnumálastofnun sem stendur atvinnuleitendum á aldrinum 18 til 29 ára til boða. Markmið þess er að styðja við bakið á ungu fólki við að finna störf sem samræmast áhugasviði og styrkleikum hvers og eins.



Ungt fólk sem er hvorki í vinnu né námi stendur oft höllum fæti á vinnumarkaði.

Á árinu var lögð rík áhersla á markvissa og snemmtæka íhlutun með því að skima unga hópinn á fyrstu mánuðum atvinnuleysis og veita viðeigandi IPS stuðning til þeirra sem þurftu á aukinni aðstoð að halda. Liður í þessu var að boða alla unga atvinnuleitendur á Atvinnutorg þar sem farið var yfir ferilskrár og úrræði sem standa til boða voru kynnt.

Á árinu 2025 nýttu **256 einstaklingar** sér IPS þjónustu hjá Vinnumálastofnun á landsvísu. Af þeim luku **200 einstaklingar** þátttöku í úrræðinu á tímabilinu með góðum árangri, en **72%** þeirra fóru í vinnu, nám eða aðra starfsendurhæfingu.

## Ráðgjöf og vinnumiðlun fyrir fólk með skerta starfsgetu

Vinnumálastofnun þjónustar atvinnuleitendur með skerta starfsgetu en það er breiður hópur fólks með ólíkar þarfir. Þjónustan er einstaklingsmiðuð og felur í sér aðstoð við atvinnuleit, auk stuðnings á vinnustað, ef þörf er á.

Árið 2025 sóttu **618 einstaklingar** með skerta starfsgetu um þjónustu á landinu öllu.

# Endurgreiðslusamningar

## 1. Vinnusamningur öryrkja

Vinnumálastofnun er umsjónaraðili fyrir vinnusamninga öryrkja sem eru endurgreiðslusamningar við atvinnurekendur, ætlaðir til þess að auka tækifæri atvinnuleitenda með örorkulífeyri í launuð störf á vinnumarkaði. Fjöldi vinnusamninga í lok árs 2025 voru 1.173.

## 2. Virknisamningur

Virknisamningur er nýr endurgreiðslusamningur við atvinnurekendur sem ráðið hafa til starfa fólk með sjúkra- og endurhæfingargreiðslur eða hlutaörorkulífeyri. Samningnum er ætlað að auka tækifæri til þátttöku í launuð störf á vinnumarkaði. Virknisamningar tóku gildi 1. september 2025 og gerðir voru 113 samningar á árinu.

# Breytingar á örorkulífeyriskerfinu

Umfangsmiklar breytingar á örorku- og endurhæfingarlífeyriskerfinu tóku gildi 1. september 2025. Með breytingunum fékk Vinnumálastofnun aukið hlutverk við þjónustu við þau sem metin eru á hlutaörorku. Hlutaörorkulífeyrir er fyrir þau sem eru metin með 26 til 50% getu til virkni á vinnumarkaði. Á meðan á atvinnuleit stendur er hægt að skrá sig hjá stofnuninni og fá stuðning og aðstoð við atvinnuleitina og samhliða fá greiddan út virknistyrk.

Hlutaörorkulífeyrir er fyrir þau sem metin eru með


**25 - 50%**

getu til virkni á vinnumarkaði.

# Virknistyrkur

Vinna við umsókn um virknistyrk hófst í mars en umsóknin var unnin með teymi frá Stafrænu Íslandi. Helstu skilyrði virknistyrks er að umsækjandi sé á hlutaörorkulífeyri, virkur í atvinnuleit, sé ekki í vinnu og búsettur á landinu. Fjárhæð virknistyrks nemur mismunar hlutaörorkulífeyris og örorkulífeyris, og var 71.314 kr. á mánuði árið 2025.

Umsókn um virknistyrk opnaði 2. september á [Island.is](http://Island.is) en um áramót hafði enginn sótt um styrk.



# Unndís

Unndísarverkefnið var sett á laggirnar í kjölfar breytinga á örorkulífeyriskerfinu, með það markmið að fjölga hlutastörfum og auka vitund um mikilvægi inngildandi vinnustaðamenningar. Unndís á sér fyrirmynd hjá Stofnunum Sameinuðu þjóðanna (UNDIS – United Nations Disability Inclusion Strategy).

Á árinu 2025 var lögð sérstök áhersla á samstarf við atvinnulífið og var Unndís kynnt í fjölmörgum fyrirtækjum og stofnunum. Verkefnið var jafnframt kynnt á Mannauðsdaginn í október. Á haustmánuðum fór heimasíða Unndísar í loftið en þar birtast gagnlegar upplýsingar um tilurð verkefnisins, endurgreiðslusamninga og þjónustu Vinnumálastofnunar. Þá má einnig sjá umsagnir frá atvinnurekendum sem hafa skapað ný atvinnutækifæri og búið þannig til rými fyrir fjölbreytileikann er býr í hverju samfélagi.

Starfsemi Unndísar hefur að mestu verið bundin við höfuðborgarsvæðið og Suðurland, en stefnt er að því að útvíkka verkefnið til fleiri landshluta á næsta ári og byggja áfram á því góða samstarfi sem hefur myndast við atvinnulífið.

# Samhæfingarteymi

Ný samhæfingarteymi stuðla að samfelli í greiðslum og þjónustu fyrir einstaklinga með flóknar þjónustuþarfir sem þurfa á fleiri en einum þjónustuaðila að halda. Markmið teymanna er einnig að skoða sérstaklega bið í úrræði og leita mögulegra leiða til að draga úr biðlistum, draga fram þörf fyrir uppbyggingu nýrra úrræða og meta árangur þeirra sem fyrir eru.

Samhæfingarteymin eru starfrækt um land allt og Vinnumálastofnun á fulltrúa í öllum landshlutum. Teymin eru auk þess skipuð sérfræðingum frá Tryggingastofnun, Félagsþjónustum sveitarfélaga, Heilbrigðisstofnunum og VIRK starfsendurhæfingarsjóði.

# Fjölmenningarsvið

Markmið fjölmenningarsviðs er að veita heildstæða þjónustu til umsækjenda um alþjóðlega vernd og flóttafólks.

## Fjölmenningarsvið skiptist í þrjár deildir:

**UAV** sem þjónustar umsækjendur um alþjóðlega vernd.

**Fjölmenningardeild** sem veitir ráðgjöf til innflytjenda og sveitarfélaga vegna móttöku flóttafólks.

**Flóttamannadeild** sem aðstoðar flóttafólk við atvinnuleit.

Deildir fjölmenningarsviðs vinna náið með sveitarfélögum í að styðja flóttafólk við aðlögun að íslensku samfélagi, meðal annars með:

- ráðgjöf um fyrstu skref eftir veitingu dvalarleyfis
- íslenskukennslu
- aðstoð við atvinnuleit
- og samfélagsfræðslu.

Fjölmenningarsvið býður einnig upp á ráðgjafarþjónustu fyrir innflytjendur og heldur úti öflugri upplýsingasíðu, [mcc.is](https://mcc.is).


Deildir sviðsins vinna náið með sveitarfélögum að móttöku og stuðningi við flóttafólk, meðal annars með ráðgjöf um fyrstu skref eftir veitingu dvalarleyfis, aðstoð við móttöku á vegum sveitarfélaga og stuðningi við aðlögun að íslensku samfélagi. Í því felst meðal annars íslenskukennsla, samfélagsfræðsla og ráðgjöf í atvinnuleit.

## Umsækjendur um alþjóðlega vernd

Vinnumálastofnun veitir umsækjendum um alþjóðlega vernd grunnþjónustu á meðan Útlendingastofnun er með umsókn þeirra til meðferðar. Þjónustan er lögbundin en stofnunin úrskurðar ekki í málum umsækjenda. Vinnumálastofnun sér umsækjendum um alþjóðlega vernd fyrir fæði eða fæðispeningum og húsnæði ásamt því að greiða fyrir nauðsynlega heilbrigðisþjónustu, menntun barna á aldrinum 6 – 18 ára og kort í almenningsamgöngur. Eftir fjögurra vikna dvöl fá einstaklingar einnig greitt framfærslufé. Þjónustu hjá Vinnumálastofnun lýkur þegar jákvæð niðurstaða umsóknar berst, umsókn er synjað, dvalarleyfi og atvinnuleyfi er gefið út til bráðabirgða eða umsókn er dregin til baka.

Fækkun á umsækjendum í verndarkerfinu hélt áfram á árinu 2025 en í upphafi árs voru ríflega 1500 manns í kerfinu en í lok árs voru rúmlega 800. Gert er ráð fyrir því að ekki muni fækka meira í kerfinu að sinni en erfitt er þó að spá fyrir um framhaldið.

### Umsækjendur í verndarkerfinu



Helstu verkefni ársins voru að draga saman kostnað vegna kerfisins sem blásið hafði töluvert út á árunum 2022 – 2024 vegna mikillar fjölgunar. Margir samningar um húsnæði runnu út og voru ekki endurnýjaðir og breytingar urðu á fjölda úrræða í rekstri stofnunarinnar. Í upphafi árs voru úrræðin 15 en í lok árs voru átta úrræði á forræði stofnunarinnar og hefur náðst mikil hagræðing í rekstri á þeim ásamt því að aðstaða hefur batnað til muna.

Ábyrgð á rekstri móttökumiðstöðvar var á árinu færð á hendur Útlendingastofnunar og í kjölfarið færði Vinnumálastofnun starfsemi þjónustu- og velferðarteymis yfir í JL-húsið. Aðstaðan þar er góð og nálægð við íbúa í Reykjavík meiri, hefur þetta bætt þjónustu við einstaklinga á höfuðborgarsvæðinu til muna. Í húsinu fara fram þjónustuviðtöl mánudaga – fimmtudaga frá 09:00 – 11:00 ásamt því að töluvert virknistarf fer fram. Á fyrstu vikum ársins 2026 er fyrirhugað að setja upp kaffiástöðu.

Á árinu rann samningur um virkni við Rauða kross Íslands út og ákveðið var að endurnýja hann ekki. Stofnunin heldur nú utan um virkni umsækjenda og hefur haldið úti kennslu og virkni í samstarfi við einstaklinga og félagasamtök. Þjónustusamningum við sveitarfélögin var einnig sagt upp og heldur Vinnumálastofnun nú ein utan um þjónustu við alla umsækjendur.

Stærsti hluti umsækjenda um alþjóðlega vernd er frá Úkraínu en flestir þeirra stoppa stutt í verndarkerfinu þar sem úkraínskir borgarar fá almennt veitta vernd strax. Flest þeirra sem dvelja í verndarkerfinu eru frá Venesúela, sem er sá hópur sem næst oftast sækir um alþjóðlega vernd hér á landi ásamt fólki frá Palestínu. Restin skiptist nokkuð jafnt á milli Kólumbíu, Írak, Nígeríu, Sómalíu og Sýrlands ásamt fleiri löndum.



## Velferðarteymi

Hjá Vinnumálastofnun er starfandi velferðarteymi fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd. Í teyminu eru þrjár hjúkrunarfræðingar, félagsráðgjafi, sérfræðingur og aðstoðarmaður sem sinnir meðal annars tölvuþjónustu og túlkun.

### Helstu verkefni:

- Teymið vinnur að fyrstu skimun með heilsugæslunni
- Sinnir þunguðum konum
- Sinnir viðkvæmum hópum :
- Heldur utan um beiðnir, tilvísanir, lyf, hjálparkæki
- Samskipti við heilsugæslu og spítala
- Samskipti varðandi skólagöngu barna

Áður en velferðarteymið var sett á laggirnar fór öll heilbrigðisþjónusta umsækjenda um alþjóðlega vernd í gegnum hið almenna heilbrigðiskerfi með tilheyrandi álagi á það. Velferðarteymið nær að sinna yfir 80% af þeim erindum sem annars hefði lent á heilbrigðiskerfinu.

## Fjölmenningardeild

Fjölmenningardeild veitir innflytjendum víðtæka ráðgjafarþjónustu. Ráðgjafar deildarinnar búa yfir víðtækri tungumálakunnáttu og tala íslensku, ensku, pólsku, úkraínsku, spænsku, arabísku, ítölsku, frönsku og rússnesku. Á árinu bárust 1.072 fyrirspurnir frá innflytjendum en einnig voru veittar upplýsingar og ráðgjöf varðandi málefni innflytjenda til stofnana, sveitarfélaga, félagasamtaka og fyrirtækja.

### Samræmd móttaka flóttafólks

Fjölmenningardeild bauð öllum þeim sem fengu veitta alþjóðlega vernd á árinu upplýsinga- og þarfa-greiningaviðtal og í kjölfarið var einstaklingum boðin þátttaka í samræmdri móttöku flóttafólks. Á árinu voru 13 sveitarfélög með samning við félags- og húsnæðismálaráðuneytið um samræmda móttöku flóttafólks. Nokkur sveitarfélög breyttu hámarksfjölda plássu í samræmdri móttöku, sum fækkuðu plássu og önnur fjölgðu, en í heildina fjölgaði plássu um 340 miðað við árið áður. Í lok 2025 voru alls 3.509 pláss í samræmdri móttöku og var nýtingin um 85%.

Á árinu voru 1.927 flóttamenn paraðir í samræmda móttöku flóttafólks. Þar með eru talin mál þeirra sem sóttu um og höfðu nýverið fengið veitta vernd á Íslandi, þeir einstaklingar sem fengu veitta alþjóðlega vernd vegna fjölskyldusameiningar við flóttamann og einnig flóttafólk sem ekki hafði verið mögulegt að para við sveitarfélag áður, meðal annars vegna skorts á lausum plássu.

# 1.927

## flóttamenn paraðir við sveitafélag í samræmdri móttöku árið 2025

### 3.509 pláss voru í samræmdri móttöku og nýting um 85%

Tilvísunum var dreift á milli þeirra sveitarfélaga sem voru með samning um samræmda móttöku flóttafólks eftir því sem laus pláss leyfðu. Flestar tilvísanir voru sendar til Reykjavíkur, Hafnarfjarðar, Akureyrar og Reykjanesbæjar.

Alls voru 518 flutningsbeiðnir móttækna og sendar nýjum sveitarfélögum við flutning flóttafólks milli sveitarfélaga. Skráð voru 1.580 þjónustulok, sem verður ýmist þegar þrjú ár eru liðin frá veitingu verndar og þjónustu lýkur, þegar fólk flytur úr landi, þegar fólk flytur í sveitarfélag sem er utan samræmdrar móttöku eða hefur ekki þörf fyrir þjónustu lengur.

### Fjöldi einstaklinga sem voru paraðir við móttökusveitarfélag í samræmdri móttöku flóttafólks árið 2025

Pörun 2024	Fjöldi
Reykjavík	947
Hafnarfjörður	362
Reykjanesbær	214
Akureyri	118
Kópavogur	90
Árborg	44
Garðabær	42
Borgarbyggð	37
Akranes	35
Ísafjörður	25
Mosfellsbær	8
Vestmannaeyjar	4
Hornafjörður	1
Samtals	1927

## Fræðsla

Fjölmenningardeild stóð fyrir 8 fræðsluerindum um málefni innflytjenda og flóttafólks fyrir fagfólk í sveitarfélögum, stofnunum og félagasamtökum. Fræðsluerindin fóru fram á Teams og voru vel sótt, en oftast mættu um hundrað manns viðsvegar af landinu á hvert erindi.

### Fjölluðu erindin um;

- þjónustu við fylgdarlaus börn,
- reynslu hinsegin innflytjenda og flóttafólks hérlendis,
- aðgengi ungmenna að menntun,
- þjónustu Kvennaathvarfsins við innflytjenda- og flóttakonur,
- inngildingarverkefni opinberra háskóla og verkefnið Sprett hjá HÍ,
- stefnu um innflytjendur á Norðurlöndum,
- þjónustu fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd hjá Vinnumálastofnun
- og SPARE meðferðarræði fyrir foreldra barna með flóttabakgrunn.

## Flóttamannadeild

Eftir miklar og örar breytingar var árið 2025 tímabil samstarfs og stöðuleika hjá vinnumiðlun og virkni flóttafólks. Lögð var áhersla á samtal við helstu samstarfs- og hagsmunaaðila, samvinnu með öðrum deildum Vinnumálastofnunar, sem og þátttöku í alþjóðlegum verkefnum. Á milli ára fór fjöldi þjónustuþega úr 1499 niður í 1315 en raunfjöldi atvinnuleitenda per ráðgjafa hélst svipaður á milli ára. Fjölmennasti hópurinn í þjónustu er enn frá Úkraínu, eða um 52%, næstflest eru frá Venesúela (15,4%) og þar á eftir frá Palestínu (13,4%). Þjónusta við flóttafólk hjá þjónustuskrifstofum á landsbyggðinni fór fram með sambærilegum hætti og á höfuðborgarsvæðinu. Flóttamenn voru að meðaltali 233 í þjónustu á landsbyggðinni árið 2025.

Til gamans má nefna að ráðgjafar deildarinnar aðstoðuðu einstaklinga með 25 mismunandi ríkisföng við atvinnuleit á árinu. Af þeim voru 54% konur og 46% karlar og var kynjahlutfall þeirra sem hófu störf á árinu það sama.

Áfram var mikil áhersla lögð á virkni og jókst fjöldi þátttakenda á bæði íslenskunámskeiðum og á námskeiði Landnemans. Mikið var lagt upp úr því að styðja við hópa í viðkvæmri stöðu og má þar nefna að haldin voru þrjú starfsleitar- og sjálfsstyrkingarnámskeið eingöngu fyrir konur. Bóðið var upp á ný námskeið á sviði ferðaþjónstu og um meðferð matvæla sem enduðu með því að hluti þátttakenda voru ráðin í störf innan beggja geira í kjölfar námskeiða.

# Réttindasvið

Réttindasvið skiptist í fjórar einingar. Starfsmenn sviðsins eru staðsettir á þremur stöðum á landinu. **Fæðingarorlofssjóður** er staðsettur á Hvammstanga þar sem umsóknir um réttindi samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof, sorgarleyfi og ættleiðingarstyrki eru afgreiddar auk endurgreiðslna til sveitarfélaga vegna veittrar fjárhagsaðstoðar samkvæmt 15. greinar laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. **Greiðslustofa** er á Skagaströnd þar sem ákvarðað er um réttindi umsækjenda samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar. Loks eru tvær deildir sviðsins staðsettar í Reykjavík þar sem annars vegar er ákvarðað um réttindi samkvæmt lögum um **Ábyrgðasjóð launa** og hins vegar um **atvinnuréttindi útlendinga**. Auk þess fer réttindasvið með úrvinnslu fjölbreyttra erinda og stjórnáslumála ásamt því að hafa eftirlit með réttindum og greiðslum og taka ákvarðanair um viðurlög og innheimtu ofgreiddra greiðslna.

## Atvinnuleyfi

Vinnumálastofnun hefur umsjón með útgáfu atvinnuleyfa vegna starfa erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og fer með framkvæmd laga númer 97/2002 um atvinnuréttindi útlendinga. Lögin kveða á um rétt útlendinga til að starfa hér á landi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og er þeim fyrst og fremst ætlað að tryggja réttaröryggi útlendinga sem koma hingað til lands í atvinnuskyni. Þá er Vinnumálastofnun með lögunum falið að leggja mat á framboð á starfsfólki til að starfa á innlendum vinnumarkaði.

Ríkisborgarar ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins eru undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi til starfa hér á landi. Atvinnuleyfi skiptast í sjö flokka eftir því hvort dvöl viðkomandi grundvallast á atvinnuþátttöku hér á landi, vegna náms, sérstakra ástæðna, íþróttá, fjölskyldutengsla við landið eða sérstakra tengsla.

## Umsóknir um atvinnuleyfi

Á liðnu ári bárust 3.565 umsóknir um atvinnuleyfi samanborið við 3.289 umsóknir á árinu 2024.

Fjöldi útgefna atvinnuleyfa á árinu 2025 voru 3279 og er það aukning um 8,6 % á milli ára. Af útgefnum leyfum voru veitt 1577 ný leyfi og 1702 voru framlengd. Af nýjum atvinnuleyfum voru flest leyfi veitt til erlendra námsmanna, vegna sérfræðiþekkingar og svo vegna fjölskyldusameiningar. Mest var aukningin í atvinnuleyfum námsmanna eða um það bil 46,5% aukning.

# 3.565

umsóknir um bárust um atvinnuleyfi árið 2025

## 3279

atvinnuleyfi veitt  
árið 2025

## 8,6%

Aukning  
á milli ára

## 3.019

atvinnuleyfi veitt  
árið 2024

Á árinu 2025 voru flest atvinnuleyfi veitt vegna starfa í opinberri þjónustu, fræðslu, heilbrigðis- og félagsþjónustu, veitingaþjónustu og svo við verslun og vöruflutninga. Við skoðun á þjóðernum þeirra er fengu atvinnuleyfi á árinu voru fjölmennustu þjóðernin Filippseyjar, Bandaríkin og Pakistan.

## Vettvangseftirlit

Vinnumálastofnun sinnir virku vettvangseftirliti á vinnusvæðum og starfsstöðvum fyrirtækja í samtarfi við Vinnueftirlit ríkisins, Skattinn og Lögregluna eða með fulltrúum vettvangseftirlits stéttarfélaganna. Markmið eftirlitsferða er að tryggja að erlendir ríkisborgarar sem hér starfa hafi til þess tilskilin leyfi og að þeim séu tryggð réttindi og starfskjör til jafns við heimamenn og í samræmi við ákvæði kjarasamninga.

## Eftirlit

Lögð var sérstök áhersla á að endurskipuleggja og efla fyrirbyggjandi eftirlit með það að markmiði að tryggja betri reglufylgni, auka áreiðanleika í afgreiðslu mála og stuðla að hagkvæmri nýtingu fjármuna. Unnið var eftir nýrri hugmyndafræði í eftirlitsstarfi sem reyndist árangursrík við að tryggja hlýðni við reglur Atvinnuleysistryggingasjóðs og draga úr líkum á frávikum.

Í framhaldi af þessari þróun var ráðist í umfangsmiklar endurbætur á eftirlitskerfum stofnunarinnar, sem stefnt er að því að taka í notkun snemma árs 2026. Markmið þessara umbóta er að styrkja sjálfvirkt eftirlit, bæta greiningargetu og styðja við markvissari ákvarðanatöku.

### Eftirlitsáætlun stofnunarinnar byggir á þremur varnarlínum:

- Fyrsta varnarlína felst í forvirku og fyrirbyggjandi eftirliti sem ætlað er að koma í veg fyrir brot á reglum sjóðanna.
- Önnur varnarlína snýr að hefðbundnu skrifborðseftirliti þar sem afgreiðsla einstakra mála er yfirfarin með reglulegum hætti.
- Þriðja varnarlína felur í sér eftir á greiningu og úrvinnslu sem tryggir stöðuga yfirferð gagna og framkvæmdar.

Á árinu voru framkvæmdar 20 samkeyrslur við ýmsa gagnagrunna, þar á meðal Skattinn, Fangelismála- stofnun og menntastofnanir vegna námsmanna í eftirlitsskyni. Í kjölfarið fengu 3.097 einstaklingar sem voru, eða höfðu verið á atvinnuleysisskrá beiðni um að skila inn frekari gögnum. Auk þess var óskað eftir skýringum frá 1.153 einstaklingum í kjölfar sértækrar boðunar á þjónustuskrifstofur Vinnumálastofnunar.

Hjá Fæðingarorlofssjóði voru framkvæmdar mánaðarlegar samkeyrslur við Skattinn, sem leiddu til endur- krafna í 642 tilvikum. Slíkar samkeyrslur eru mikilvægur þáttur í eftirlits- og áhættustýringu stofnunarinnar.

Unnið að því að styrkja gagnadrifna nálgun í eftirliti og færa lykilgögn í sameiginlegt vöruhús gagna sem bætir yfirsýn, eykur greiningarmöguleika og styður við markvissari forvarnir. Áframhaldandi stafvæðing þjónustu og yfirfærslu yfir á island.is hefur einfaldað umsýslu, stýtt ferla og gert eftirlit skilvirkara. Þess tilskilin leyfi og að þeim séu tryggð réttindi og starfskjör til jafns við heimamenn og í samræmi við ákvæði kjarasamninga.

## Greiðslustofa

Nýjar umsóknir í mánuði voru að meðaltali **1.390** árið 2025.

Fjöldi afgreiddra umsókna í mánuði voru að meðaltali **1.435**.

Meðal afgreiðslutími umsókna var **25 dagar** þegar miðað er við upphafsdagsetningu þegar einstaklingar geta hafið störf.

Meðal afgreiðslutími umsókna var **29 dagar** frá umsóknardagsetningu.

Meðalfjöldi fylgiskjala er **3.436** á mánuði.

**3.352** einstaklingar fengu erindi vegna ótilkynntra tekna.

**3.500** einstaklingar fengu erindi vegna fjarveru í vinnumarkaðsúrræði

**274** einstaklingar fengu erindi vegna ótilkynnts náms.

**146** einstaklingar fengu erindi vegna ótilkynntra fjármagnstekna.

**266** beiðnir um gögn eða greinargerðir bárust á árinu frá Úrskurðarnefnd velferðamála.

**156** beiðnir um rökstuðning sendar.

## Ábyrgðasjóður launa

Árið 2025 voru greiddar **1.798 milljónir** úr sjóðnum.

Umsóknir og umsvif sjóðsins jukust á milli ára.

Heildargreiðslur sjóðsins vegna þrotabúa árið 2025 námu **1.798 m.kr.** en voru 1.551 m.kr. árið áður.

Tekjur vegna úthlutana úr þrotabúum voru **184,2 m.kr.** árið 2025 en voru **123,6 m.kr.** árið 2024.


## Flugfélagið Play

Þann 29. september hætti flugfélagið Play starfsemi og félagið var tekið til gjaldþrotaskipta. Vinnumálastofnun hóf um leið vinnu við að koma nauðsynlegum upplýsingum áleiðis til starfsfólks flugfélagsins auk þess að útbúa greinargóðar leiðbeiningar og upplýsingar fyrir starfsfólk Þjónustusviðs og Ábyrgðasjóðs launa að styðjast við í svörun erinda vegna gjaldþrotsins. Í kjölfarið voru sendar leiðbeiningar til mannaútsjóra flugfélagsins um hvernig starfsfólk ætti að bera sig að við að sækja um atvinnuleysisbætur og helstu upplýsingar um ábyrgðasjóðinn var komið áfram til starfsfólks Play. Sérstakur borði var settur upp á vefsíðu Vinnumálastofnunar með upplýsingum fyrir starfsfólk Play þar sem hvatt var til þess að þau hefðu samband við sitt stéttarfélag vegna kröfu í þrotabú og þeim bent á að sækja um atvinnuleysisbætur sem fyrst.


Fulltrúar Vinnumálastofnunar settu sig í samband við stærstu stéttarfélögin sem áttu undir, en það voru ÍFF (230-240 starfsmenn) og VR (66 starfsmenn), og veittu leiðbeiningar um hvernig skyldi haga umsóknum um atvinnuleysisbætur og umsóknum til Ábyrgðasjóðs launa. Fulltrúar Vinnumálastofnunar mættu á félagsfund hjá ÍFF og VR þar sem farið var yfir ferli umsókna um atvinnuleysistryggingar og kröfulýsingar í Ábyrgðasjóð launa



### Yfirlit yfir afgreiðslu atvinnuleyfa




### Yfirlit yfir útgáfu nýrra leyfa 2025






## Fjölmenustu þjóðerni veitt atvinnuleyfi 2025



## Atvinnuleyfi eftir atvinnugreinum árið 2025



## Fæðingarorlofssjóður

Vinnumálastofnun sér um reikningshald og daglega umsjón Fæðingarorlofssjóðs sem staðsettur er á Hvammstanga. Fæðingarorlofssjóður annast greiðslur til foreldra sem réttinda njóta til greiðslu í fæðingarorlofi en auk þess annast sjóðurinn greiðslu fæðingarstyrkja til foreldra sem eru utan vinnumarkaðar og/eða í námi. Þá annast starfsfólk Vinnumálastofnunar á Hvammstanga greiðslur til foreldra sem rétt eiga til greiðslna í sorgarleyfi eða sorgarstyrks, greiðslur ættleiðingarstyrkja til foreldra sem hafa ættleitt barn og endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veittrar fjárhagsaðstoðar samkvæmt 15. greinar laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Breytingar á skrifstofuhúsnæði Fæðingarorlofssjóðs hófust á árinu og er áætlað að þeim ljúki árið 2026.

Í lok árs 2025 höfðu rúmlega 97% verðandi foreldrar nýtt sér stafræna umsóknarferlið sem er aukning frá árinu 2024 en þá var fjöldi umsókna í kringum 92%.

Eftirliti var sinnt í samræmi við ákvæði laga númer 144/2020 en með því er meðal annars tryggt að foreldrar fái ekki hærri greiðslur í fæðingarorlofi eða fæðingarstyrk en þeim ber samkvæmt ákvæðum laganna. Hámarksgræiðsla vegna barna fædd 1. janúar 2025 og síðar hækkaði úr 700.000 krónur í 800.000 krónur.



## Breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof

Á sumarmánuðum 2025 voru samþykktar á Alþingi breytingar sem tóku gildi frá og með 1. júlí 2025 og fólu í sér:

- að sameiginlegur réttur foreldra lengdist úr þremur mánuðum í sex mánuði fyrir hvert barn sem fæðist umfram eitt,
- að hafi foreldri starfað á innlendum vinnumarkaði skemur en fjóra mánuði á viðmiðunartímabili tekna en hefur starfað að hluta eða að öllu leyti í öðru aðildarríki EES á fyrrnefndu viðmiðunartímabili skal miða útreikning á meðaltali heildarlauna við þá almanaxsmánuði sem foreldrið hefur starfað á innlendum vinnumarkaði fyrir fæðingarmánuð barns eða þann almanaxsmánuð sem barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur.
- að hámarks- og lágmarksgreiðslur og fæðingarstyrkir hækkuðu frá 1. júlí 2025 um 30.000 kr.

Þessar breytingar tóku til allra foreldra sem áttu ótekinn rétt.

Einnig var á Alþingi samþykkt heimild til að lengja fæðingarorlof um allt tvo mánuði ef upp hefðu komið alvarleg veikindi tengd meðgöngu sem haldið hefðu áfram eftir fæðingu og gert foreldri ófært að annast barn sitt í fæðingarorlofinu, vegna barna sem fæddust 1. júlí 2025 og síðar.

Í sorgarleyfinu lengdist réttur hvors foreldris fyrir sig úr tveimur mánuðum í þrjá vegna fósturláts eftir 18 vikna meðgöngu og úr þremur mánuðum í sex mánuði vegna andvana fæðingar eftir 22 vikna meðgöngu. Lágmarksgreiðslur í sorgarleyfi og sorgarstyrkur hækkaði frá 1. júlí 2025 um 30.000 kr. Þá kom inn það nýmæli að við andvana fæðingu eða barnsmissi, þar sem barnið er yngra en 24 mánaða, er foreldri heimilt að óska eftir að við útreikning á mánaðarlegri greiðslu sé tekið mið af tekjum viðkomandi á viðmiðunartímabili samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof, eftir því sem við á. Er þessari breytingu ætlað að koma í veg fyrir að foreldri fái lægri greiðslur á grundvelli laga um sorgarleyfi en viðkomandi hefði fengið á grundvelli laga um fæðingar- og foreldraorlof.

## Nýting foreldra á rétti til fæðingarorlofs 2007 - 2025

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024*	2025*
Mæður (Fjöldi)	4.555	4.809	4.965	4.817	4.406	4.406	4.181	4.249	3.986	3.890	3.915	4.096	4.271	4.353	4.714	4.257	4.151	4.179	4.262
Umsóknir feðra sem % af umsóknum mæðra	89%	90%	86%	84%	80%	78%	78%	81%	81%	83%	86%	89%	90%	90%	90%	92%	92%	92%	84%
Meðaldagafjöldi feðra	101	101	98	92	86	80	81	88	88	88	90	91	91	115	132	131	130	125	93
Meðaldagafjöldi mæðra	181	178	178	179	179	178	180	182	178	180	180	181	179	181	213	218	218	219	179
Fjöldi feðra yfir grunnrétti	21%	23%	20%	17%	15%	13%	14%	14%	13%	14%	15%	15%	15%	15%	7%	6%	6%	6%	3%
Fjöldi mæðra yfir grunnrétti	93%	93%	93%	95%	96%	96%	96%	96%	96%	97%	96%	96%	96%	95%	78%	81%	82%	82%	52%
Fjöldi feðra undir grunnrétti	16%	22%	19%	27%	31%	34%	35%	34%	34%	32%	32%	30%	31%	33%	81%	82%	82%	83%	89%
Fjöldi mæðra undir grunnrétti	2%	1%	1%	1%	1%	2%	1%	1%	1%	1%	1%	1%	1%	1,5%	7%	7%	6%	6%	40%

\*Bráðabirgðatölur

## Fæðingarorlofsgreiðslur flokkaðar eftir fjölda og kyni 2007 - 2025

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024*	2025*
Fjöldi lifandi fæddra barna	4.560	4.835	5.026	4.907	4.492	4.533	4.326	4.375	4.129	4.034	4.071	4.228	4.452	4.512	4.879	4.391	4.315	4.311	4.387
Feður orlof/styrkir	6.258	6.677	6.776	6.424	5.781	5.797	5.810	5.831	5.589	5.239	5.425	5.867	6.383	6.620	7.448	7.764	7.565	7.567	7.865
Mæður orlof/styrkir	7.148	7.446	7.696	7.652	7.224	6.992	6.926	6.824	6.656	6.356	6.437	6.736	7.113	7.307	7.812	7.880	7.642	7.654	7.849
Samtals orlof/styrkir	13.406	14.123	14.472	14.076	13.005	12.789	12.736	12.655	12.245	11.595	11.862	12.603	13.496	13.927	15.260	15.644	15.207	15.221	15.714
Fæðingarorlofsgreiðslur m. kr.	8.018	9.526	10.268	9.250	8.106	7.905	8.294	8.801	9.103	9.130	10.591	12.291	14.530	16.355	20.200	22.479	22.627	24.983	28.256
Meðalfjöldi pr. mánuð	4.400	4.700	4.770	4.650	4.326	4.178	4.077	4.017	4.047	3.860	3.967	4.223	4.566	4.807	5.487	5.918	5.651	5.750	5.939
Meðalupph. í millj. pr. mánuð	670	800	856	771	676	657	695	731	759	761	883	1.024	1.211	1.363	1.685	1.873	1.886	2.085	2.355

\*Bráðabirgðatölur

# Þróunar- og tæknisvið

Þróunar- og tæknisvið sinnir fjölbreyttum verkefnum og vinnur þvert á öll svið Vinnumálastofnunar á einn eða anna hátt. Það hafa verið miklar breytingar og framþróun á sviðinu undafarin ár og í dag skiptist sviðið í 5 einingar:

<b>Verkefnastofa</b>
<b>Gæða- og skjalamál</b>
<b>Upplýsingatæknideild</b>
<b>Greiningardeild</b>
<b>Erlent samstarf og verkefni</b>

Á árinu 2025 sinnti sviðið einkum þjónustu til annarra sviða og eininga innan Vinnumálastofnunar. Verkefnastofa tók á sig enn skýrari mynd á sínu fyrsta heila starfsári. Gæða- og skjalamál voru eflað líkt og öryggismál. Unnið var að endurskipulagningu og þróun í Upplýsingatæknideild og Greiningardeild varð sýnilegri út á við með skýrslunni Íslenskur vinnumarkaður sem kemur út tvisvar á ári. Frá hausti 2025 hefur sviðið haldið utan um vinnu við framtíðarstefnumótun fyrir stofnunina til ársins 2031, en vinnu við þá stefnu á að ljúka á vormánuðum 2026. Þá spilaði erlent samstarf og verkefni því tengdu áfram mikilvægt hlutverk. Heilt yfir dýpkaði samstarfið á milli deilda innan sviðsins.

## Verkefnastofa

Verkefnastofa sinnti fjölbreyttum verkefnum þvert á deildir á sínu fyrsta heila starfsári. Í samstarfi við Stafrænt Ísland var umsókn um atvinnuleysisbætur endurhönnuð með þarfir notenda að leiðarljósi. Verkefnið var umfangsmikið enda um að ræða stærstu einstöku umsókn stofnunarinnar. Umsókn um virknistyrk sem tengist breytingum á örorkulífeyriskerfinu sem tóku gildi 1. september 2025, var einnig hönnuð í samstarfi við Stafrænt Ísland. Í tengslum við breytingar á örorkukerfinu leit líka dagsins ljós á haustmánuðum ný tegund endurgreiðslusamnings við atvinnurekendur, virknisamningur, annars vegar vegna einstaklinga á sjúkra- og endurhæfingargreiðslum og hins vegar hlutaörorkulífeyri.

Unnið var að umbótum á þjónustu stofnunarinnar við einstaka hópa, þar má nefna þjónustu við erlenda atvinnuleitendur og atvinnurekendur. Unndís, verkefni sem er ætlað að fjölga hlutastörfum fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu, var þróað áfram. Þá var unnið að aukinni sjálfvirkni í afgreiðslu atvinnuleysisbóta og

samskiptum við atvinnuleitendur í innra kerfi stofnunarinnar Galdri. Þróun á nýju tölvukerfi Ábyrgðarsjóðs launa hélt áfram og vinna hófst við „Mínar síður“ Ábyrgðarsjóðsins.

Gerð var gangskör að greiningu og tiltekt í upplýsingatæknimálum. Þar má nefna greiningu og skipulag á netþjónum stofnunarinnar, Microsoft leyfismálum og vöruhúsi gagna. Áfram var unnið að viðbragðsáætlunum, eldri áætlanir endurskoðaðar og nýjar mótaðar til dæmis viðbragðsáætlun til að tryggja framfærslu umsækjenda um alþjóðlega vernd og öryggisáætlanir starfsstöðva.

## Gæðamál

Á árinu var unnið að áframhaldandi eflingu gæða-, öryggis- og skjalamála innan sviðsins. Áhersla var lögð á undirbúning og ákvörðunartöku vegna innleiðingar nýs skjalakerfis og lagður var grunnur að frekari þróun stafrænnar skjalastjórnar. Gæðateymi var skipað og Bench-úttekt lauk á árinu, þar sem niðurstöður voru nýttar við áframhaldandi þróun gæðastarfs. Jafnframt hófst innleiðing á CAF-gæðastjórnunarlíkaninu og vinna við nýja gæðahandbók til stuðnings samræmdu verklagi og markvissri stjórnun gæða.




## Upplýsingatæknideild

Á árinu fór fram mikil tiltekt, bæði var úreltum búnaði fargað og einnig var netþjónaumhverfi endurskipulagt, þjónustur sameinaðar og netþjónum fækkað. Hugbúnaðarleyfi voru skoðuð og Microsoft leyfum fækkað. Deilipósthólfum var einnig fækkað verulega og tekið til í notendabókhalda. Haldið var áfram að skrá kerfislýsingar kerfa stofnunarinnar í samráði við upplýsingaöryggisstjóra.

Samfélagsvefurinn Workplace, sem hefur verið notaður sem innanhúss upplýsingaveita, lokaði á árinu og Viva Engage frá Microsoft var innleitt í staðinn. Breytingar og uppfærslur voru gerðar á X-road vefþjónustu umhverfinu. Sífellt fjölgar þjónustum sem reknar eru í því umhverfi eftir því sem stafræn samskipti milli ríkisstofnana aukast.

Hefðbundin hlutverk deildarinnar í þjónustu við starfsmenn voru á sínum stað og viðfangsefnin fjölbreytt.



## Greiningardeild

Árið einkenndist af framþróun á ýmsum verkefnum deildarinnar og gerð á skýrslum sem settu svip sinn á starf stofnunarinnar. Sem fyrr sá deildin um mánaðarskýrslur en deildin hóf einnig útgáfu á stærri skýrslum um stöðu og þróun á vinnumarkaði sem bera heitið Íslenskur vinnumarkaður. Stefnt er að því að þessar skýrslur komi út tvisvar á ári og árið 2025 var útgáfa í febrúar og ágúst.

Innanlands var áfram töluvert af gagnasamskiptum við ráðuneyti, bæði fjármálaráðuneytið og félags- og húsnæðismálaráðuneytið en einnig við Hagstofuna og Seðlabanka Íslands. Fjölmargar beiðnir og erindi berast til deildarinnar jafnt frá starfsfólki innan stofnunarinnar sem og aðilum utan hennar og sinnti deildin þeim af kostgæfni. Í tengslum við erlent samstarf kom deildin að ýmis konar gagnagreiningu og þátttöku í nefndarstarfi. Deildin tekur þátt í norrænu samstarfi sem og við systurstofnanir í Evrópu, auk greininga fyrir OECD.

Verkefni eru þó mun fjölbreyttari og ekki síður tæknileg. Þannig ber deildin ábyrgð á gerð spálíkana, hefur eftirlit með gæðum gagna í gagnagrunnum, útbýr mælaborð bæði fyrir ytri aðila og innan stofnunarinnar og vinnur að þróun vöruhúss gagna. Að lokum kemur deildin að mörgum af þeim verkefnum og vinnuhópum sem spanna mestallt starf stofnunarinnar.

## Erlent samstarf

Vinumálastofnun tekur þátt í ýmsum erlendum samstarfsverkefnum bæði á vettvangi Norðurlandanna og á vegum Evrópusambandsins.

PES Network er samstarfsvettvangur opinberra vinnumiðlana í Evrópu. Þar fer fram stefnumótun, þekkingarmiðlun, umræður og umsagnir um vinnumarkaðstengd mál. Á þriggja ára fresti fer hver stofnun í gegnum gæðamat, svokallað Benchlearning mat. Í framhaldi niðurstaðna er gerð aðgerðaráætlun um hvað megi betur fara og aðstoð veitt við að hrinda breytingum í framkvæmd. Sú gæðaúttekt fór fram á vormánuðum 2025. Hluti þessa samstarfs felst einnig í þéttu samstarfi forstjóra opinberra vinnumiðlana í Evrópu en þeir hittast tvisvar á ári og stilla saman strengi.



Á árinu var norræna atvinnuþryggingamótið, sem haldið er á fjögurra ára fresti, haldið í Stokkhólmi. Fulltrúi Vinnumálastofnunar sat í undirbúningshópi ráðstefnunnar. Meðal áherslna var hagnýting gervigreindar í þjónustu við atvinnuleitendur og átti Ísland tvo fulltrúa sem fluttu erindi því tengdu á mótinu.



# Fjármál 2025

Opinber reikningsskil Vinnumálastofnunar eru samkvæmt viðurkenndum bókhalds- og reikningsskilareglum og fara eftir IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) reikningsskilastaðlinum.

Á árinu 2025 voru þau verkefni sem Vinnumálastofnun ber ábyrgð á flokkuð í 10 fjárlagaliði, en þeir eru auk samstæðureksturs Vinnumálastofnunar,


Atvinnuleysistryggingasjóður,
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga,
Ábyrgðasjóður launa,
Fæðingarorlofssjóður,
Sorgarleyfi,
Starfsendurhæfing,
Vinumál og verndaðir vinnustaðir,
Umsækjendur um alþjóðlega vernd,
Greiðslur til sveitarfélaga vegna samræmdrar móttöku flóttafólks samkvæmt 15. gr. laga 40/1991.

## Vinnumálastofnun

Á árinu 2025 námu sértektur Vinnumálastofnunar 1.258,5 m.kr. Framlag úr ríkissjóði nam 2.141,2 m.kr. og framlag afskrifta 68,3 m.kr.. Heildartekjur voru 3.468,1 m.kr.

Heildarútgjöld Vinnumálastofnunar voru 3.297,6 m.kr. og voru afskriftir og niðurfærsla eigna um 68,3 m.kr. Rekstrarafgangur var af rekstri stofnunarinnar um 170,0 m.kr. sem kemur til fjármögnunar verkefna 2026 sem snýr að auknu eftirliti, virkniefningu og framþróun á upplýsingatækni.

Rekstrargjöld á árinu 2025 skiptast þannig: Laun og launatengd gjöld námu 2,760,9 m.kr., eða um 85,5% af útgjöldum stofnunarinnar, ferða- og fundakostnaður um 45,8 m.kr., rekstrarvörur 56,6 m.kr., aðkeypt sérfræðiþjónusta sem meðal annars er kostnaður vegna upplýsingatækni og hugbúnaðar nam 187,5 m.kr. eða um 5,8% af heildarútgjöldum ársins, húsnæðiskostnaður var um 177,9 m.kr eða 5,5% og aðrir rekstrarliðir um 0,5 m.kr.



Stærsti liður í rekstri Vinnumálastofnunar eru laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður eða um 85,5 % af heildarrekstri stofnunarinnar. Meðalstöðugildi á árinu voru 206,2. Heildarkostnaður vegna þess á árinu 2025 nam um 2.772,9 m.kr. Hér má sjá skiptingu launa- og starfamannakostnaðar eftir starfseiningum Vinnumálastofnunar.

Á árinu 2025 nam annar rekstrarkostnaður um 456,2 m.kr. eða um 14,5% af útgjöldum stofnunarinnar. Kostnaður vegna tölvukerfa, hugbúnaðar og því tengdu nam um 132,2 m.kr. Eignfærður hugbúnaður var um 105,8 m.kr., tölvur, skjáir og tæki um 11,8 m.kr. og húsgögn um 5,6 m.kr. Hér má sjá skiptingu annars rekstrarkostnaðar að frádregnum kostnaði vegna tölvukerfa og hugbúnaðar, niður á starfseiningar Vinnumálastofnunar.

## Heildarkostnaður vegna launa- og starfsmannakostnaðar árið 2025 nam


# 2.772,9 m.kr.

### Launa- og starfsmannakostnaður ásamt rekstrarkostnaði árið 2025

● Launa- og starfsmannakostnaður 2025 | **2.772,9 m.kr.**

● Rekstrarkostnaður 2025 | **456,2 m.kr.**

Þúsund krónur



## Atvinnuleysistryggingasjóður

Útgreiðslur atvinnuleysisbóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði á árinu 2025 námu um 34.506,0 m.kr. en voru um 29.242,0 m.kr. á árinu 2024, hækkun nemur um 18% á milli ára. Hækkun á greiðslum milli ára skýrist af hækkun á atvinnuleysisbótum og aukingu meðalatvinnuleysis á árinu 2025 sem var 3,9% samanborið við 3,5% árið 2024.

Greiðslur til fyrirtækja með ráðningastyrk námu **924,8 m.kr.** á árinu 2025 en voru 882,0 m.kr. árið 2024 áður en það er aukning um 4,9% á milli ára.

Útgjöld sjóðsins á árinu vegna kaupa á námskeiðum fyrir tryggða og ótryggða þar á meðal íslenskukennsla fyrir innflytjendur voru **473,9 m.kr.** en 414,3 m.kr. á árinu áður.

Framlög og styrkir til Atvinnumála kvenna námu **35,7 m.kr.** og rekstrarkostnaður verkefnisins var um **3,8 m.kr.**


Heildarútgjöld sjóðsins námu um **36.502,3 m.kr.**

# Heildarútgjöld

atvinnuleysistryggingasjóðs á námu

## 36.502,3 m.kr.

### Greiddar almennar atvinnuleysisbætur 2022 - 2025





## Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga

Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga er atvinnuleysistryggingasjóður sjálfstætt starfandi bænda, smábátaeigenda og vörubílstjóra.

Engin útgjöld voru úr sjóðnum á árinu.

## Ábyrgðarsjóður launa

Heildarútgjöld Ábyrgðarsjóðs launa hækkuðu um 16% milli árána 2025 og 2024. Greiðslur sjóðsins vegna þrotabúa á árinu 2025 námu 1.797,2 m.kr. en voru 1.477,3 m.kr. árið áður sem er hækkun um 319,9 m.kr. á milli ára og að stærstum hluta tilkomin vegna almennra launagreiðslna.

Innborgun tekna vegna úthlutana úr þrotabúum voru 184,3 m.kr. til sjóðsins á árinu 2025 en voru 123,6 m.kr. árið 2024.

Heildarútgjöld sjóðsins námu

**1.798,9 m.kr.**


## Fæðingarorlofssjóður

Heildarútgjöld Fæðingarorlofssjóðs á árinu 2025 voru 12,2% hærri en á árinu 2024. Útgreiðsla fæðingarorlofs nam 27.582,2 m.kr en var 24.423,7 m.kr. á árinu 2024. Fæðingarstyrkir námu 616,5 m.kr. en voru 547,1 m.kr. árið 2024. Fæðingarstyrkir eru greiddir til einstaklinga með starfshlutfall lægra en 25%, námsmanna og einstaklinga utan vinnumarkaðar.


Heildarútgjöld sjóðsins námu

**27.582,2 m.kr.**


Útgjöld ábyrgðarsjóðs launa árið 2025 og 2024 (M.kr.)



Útgjöld ábyrgðarsjóðs launa árið 2025 og 2024 (M.kr.)



Útgjöld fæðingarorlofssjóðs árið 2025 og 2024 (M.kr.)



## Sorgarleyfi

Greiðslur í sorgarleyfi eru greiðslur sem ætlaðar eru foreldrum á vinnumarkaði sem verða fyrir því að missa barn yngra en 18. ára.

Heildarútgjöld sjóðsins á árinu 2025 námu

**155,5 m.kr.**

## Starfsendurhæfing

Fjárlagaliðnum Starfsendurhæfing er ætlað að tryggja einstaklingum með skerta starfsgetu í kjölfar veikinda eða slysa atvinnutengda starfsendurhæfingu.

Útgjöld vegna verkefnisins á árinu 2025 voru

**320,3 m.kr.**

## Vinnumál

Verndaðir vinnustaðir eru samningsbundnar greiðslur til verndaðra vinnustaða sem tryggja einstaklingum með skerta starfsgetu starfstækifæri.


Vinnusamningar öryrkja eru endurgreiðslusamningar við atvinnurekendur sem ætlaðir eru til þess að auka tækifæri atvinnuleitenda með skerta starfsgetu á almennum vinnumarkaði en það er fjölbreyttur hópur með ólíkar þarfir.

Heildarútgjöld verkefnisins á árinu 2025 voru

**1.917,7 m.kr.**


Útgjöld vegna sorgarleyfa árið 2025 og 2024 (M.kr.)

● 2025 ● 2024




Útgjöld starfsendurhæfingar árið 2025 og 2024 (M.kr.)

● 2025 ● 2024



Útgjöld vinnumála árið 2025 og 2024 (M.kr.)

● 2025 ● 2024



## Umsækjendur um alþjóðlega vernd

Umsækjendur um alþjóðlega vernd snýr að framfærslu þeirra sem sækja um alþjóðlega vernd á Íslandi á meðan á umsóknaferlinu stendur. Fjöldi umsókna um alþjóðlega vernd á árinu 2025 voru 1.712 en 1.932 á árinu 2024. Dregið hefur úr umsóknum á milli ára og umfang verkefnis hefur minnkað.

Heildarútgjöld fjárlagaliðarins á árinu 2025 var

**6.293,0 m.kr.**

## Greiðslur vegna 15. greinar laga númer 40/1991 um samræmda móttöku flóttafólks


Sveitarfélög hafa undirritað samning um samræmda móttöku flóttafólks. Samræmd móttaka flóttafólks er fyrir einstaklinga sem hafa fengið alþjóðlega vernd á Íslandi og þurfa stuðning við að aðlagast íslensku samfélagi. Á árinu 2025 nam kostnaður vegna 15. greinar laga númer 40/1991 um 3.807,7 m.kr. og greiðslur vegna samræmdrar móttöku um 1.518,6 m.kr.

Heildarkostnaður verkefnisins var um



**5.326,3 m.kr.**

Útgjöld vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd árið 2025 og 2024 (M.kr.)

● 2025 ● 2024



Útgjöld vegna samræmdrar móttöku flóttafólks árið 2025 (M.kr.)



# Stjórnarhættir

Vinnumálastofnun heyrir undir félags- og húsnæðismálaráðuneytið og fer meðal annars með yfirstjórn vinnumiðlunar í landinu og daglega afgreiðslu Atvinnuleysistryggingasjóðs, Fæðingarorlofssjóðs, Ábyrgðasjóðs launa auk fjölmargra annarra vinnumarkaðstengdra verkefna.

Félags- og húsnæðismálaráðherra skipar tíu manna stjórn Vinnumálastofnunar, að fengnum tilnefningum til fjögurra ára í senn, sem skulu hafa eftirlit með rekstri og starfsemi stofnunarinnar. Einnig skipar ráðherra sjö manna svæðisbundin vinnumarkaðsráð sem skulu vera hlutaðeigandi þjónustustöð Vinnumálastofnunar til ráðgjafar um skipulag og val á vinnumarkaðsúræðum.

## Yfirstjórn Vinnumálastofnunar

### Unnur Sverrisdóttir

Forstjóri

### Laufey Gunnlaugsdóttir

Sviðsstjóri Ráðgjafarsviðs

### Gísli Davíð Karlsson

Sviðsstjóri Þróunar- og tæknisviðs

### Helga Hassing

Sviðsstjóri Fjármála – og rekstrasviðs

### Leó Örn Þorleifsson

Sviðsstjóri Réttindasviðs

### Svava Júlía Jónsdóttir

Sviðsstjóri Þjónustusviðs

### Íris Halla Guðmundsdóttir

Sviðsstjóri Fjölmenningsviðs

## Stjórn Vinnumálastofnunar

### Huginn Freyr Þorsteinsson

Án tilnefningar, formaður

### Lilja Birgisdóttir

Án tilnefningar, varaformaður

### Finnbörn A. Hermannsson

Tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands

### Guðbjörg Kristmundsdóttir

Tilnefnd af Alþýðusambandi Íslands

### Andri Valur Ívarsson

Tilnefndur af Bandalagi háskólamanna

### Hrannar Már Gunnarsson

Tilnefndur af BSRB

### Guðný Einarsdóttir

Tilnefnd af fjármála- og efnahagsráðuneyti

### Sólveig B. Gunnarsdóttir

Tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins

### Jón Rúnar Pálsson


Tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins



### Yfirstjórn Vinnumálastofnunar

Efri röð frá vinstri: Laufey Gunnlaugsdóttir, sviðsstjóri Ráðgjafarsviðs, Gísli Davíð Karlsson, sviðsstjóri Þróunar- og tæknisviðs, Helga Hassing, sviðsstjóri Fjármála – og rekstrasviðs, Leó Örn Þorleifsson, sviðsstjóri Réttindasviðs. Neðri röð frá vinstri: Svava Júlía Jónsdóttir, sviðsstjóri Þjónustusviðs og Unnur Sverrisdóttir, forstjóri. Á myndina vantar Írisi Höllu Guðmundsdóttur, sviðsstjóra Fjölmenningsviðs.

# Skipurit Vinnumálastofnunar árið 2025





Apríl 2026